

Gjaldskrá Landsnets fyrir flutning á raforku og kerfisþjónustu. Gjald virkjana.

Viðbrögð Landsnets við umsögnum viðskiptavina
vegna breytinga á gjaldi virkjana.

Október
2021

Efnisyfirlit

1.	INNGANGUR	3
1.1	Þörf og markmið endurskoðunar flutningsgjaldskrár	3
1.2	Hlutverk og markmið flutningsgjaldskrár Landsnets	4
1.3	Fyrirhugaðar breytingar á innmötunargjaldi virkjana	4
2.	FLOKKUN UMSAGNA	4
2.1	Umsagnarferli	4
2.2	Fjöldi umsagna	5
2.3	Flokkun umsagna	5
3.	UMSAGNIR VIÐSKIPTAVINA OG VIÐBRÖGÐ LANDSNETS	5
3.1	Skilgreining og útfærsla á gjöldum til innheimtu	6
3.1.1	Skilgreining á aflgjaldi til innheimtu	6
3.1.2	Afhendingargjald	8
3.2	Gjaldmiðill og gengisáhætta	8
3.3	Staðsetningarhvatar og afhendingaröryggi	9
3.3.1	Staðsetningarhvatar	9
3.3.2	Afhendingaröryggi	9
3.4	Virkjanir tengdar um dreifiveitu og notendur tengdir um virkjun	10
3.4.1	Virkjanir tengdar um dreifiveitu	10
3.4.2	Notendur tengdir um virkjun	11
3.5	Áhrif á kostnað við tengingu nýrra virkjana, kerfisframlag	11
3.6	Áhrif á raforkusölusamninga	12
3.7	Lagagrundvöllur fyrir fyrirhuguðum breytingum á gjaldi virkjana	13
3.8	Nálgun á endurskoðun á flutningsgjaldskrá Landsnets	14
4.	VIÐAUKI: UMSAGNIR	15

1. Inngangur

1.1 Þörf og markmið endurskoðunar flutningsgjaldskrár

Stóra myndin: Orkustefna og drifkraftar breytinga

Stjórnvöld hafa unnið orkustefnu fyrir Ísland með skýra framtíðarsýn til ársins 2050. Þar er lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu orkunnar og að ábati af orkuauðlindum er hámarkaður þar sem orka er hreyfiafl fjölbreyttrar atvinnustarfsemi.

Áherslur í orkustefnu spila saman með alþjóðlegum drifkröftum loftlagsmála og tækniþrýðinga, þar sem orkumál eru samofin og nátengd báðum þessum drifkröftum. Markaðsumhverfi raforkumála hefur því bæði áhrif á ofangreinda drifkrafta og verður fyrir áhrifum af þeim.

Áherslur Landsnets miða að því að skapa samfélaginu, viðskiptavinum og eigendum okkar virði með tryggu afhendingaröryggi, hagkvæmum rekstri flutningskerfisins og hámarks nýtingar á raforku. Lögð er megináhersla á þróun raforkumarkaðar, framsýna og skilvirka uppbyggingu raforkukerfisins og samfélagslega ábyrgð þar sem kolefnishlutleysi og lágmörkun umhverfisáhrifa er í fyrirrúmi.

Breytt viðskiptaumhverfi og kröfur

Rúm 40% aukning hefur orðið á viðskiptavinafjölda okkar á síðastliðnum sex árum og er stærð og eðli þeirra fjölbreyttari en áður. Áhugi og áform stærri fyrirtækja er sambærilegur og síðustu ár og má sjá nýjan fjölbreyttari iðnað og framleiðslutækni ryðja sér til rúms.

Núverandi uppbygging flutningsgjaldskrár Landsnets hefur verið óbreytt frá árinu 2007 þótt margt hafi breyst frá þeim tíma.

Vegna þeirra breytinga sem hafa orðið á markaðsumhverfi raforku á Íslandi og þeirra breytinga sem eru væntanlegar er mikilvægt að meta hvort uppbygging flutningsgjaldskrár Landsnets sé ákjósanleg og þjóni tilgangi sínum.

Mikilvægt er að flutningsgjaldskráin endurspegli betur raunkostnað viðskiptavina til að stuðla að jafnræði og hagræðingu til lengri tíma lítið. Mikilvægt er að sá sem veldur kostnaði greiði hann. Að öðrum kosti greiða aðrir kostnaðinn sem getur leitt til rangra hvata og óhagræðis.

Hvernig er þróun gjaldskrárinnar hugsuð?

Við endurskoðun flutningsgjaldskrár Landsnets er horft til þess annars vegar að meta áskoranir á núverandi uppbyggingu á gjaldskrá með hagsmunaaðilum og hins vegar að meta þörf á nauðsynlegum breytingum til að tryggja að gjaldskráin þjóni tilgangi sínum og hlutverki og geti aðlagast framtíðaráskorunum.

Unnið hefur verið með hagsmunaaðilum frá árinu 2017 við að meta áskoranir og tækifæri tengd uppbyggingu flutningsgjaldskrár og greina mögulega þróun á íslenska raforkumarkaðnum. Í framhaldi var farið í að þróa mikilvægar breytingar á flutningsgjaldskránni.

Framtíðar þróunarverkefni varðandi mikilvægar breytingar á flutningsgjaldskránni eru sex talsins. Þau eru eftirfarandi: endurskoðun á aðferðafræði við innheimtu afgjalds sem og orkugjalds, kostnaður virkjana, kerfisþjónusta, notendaflokkar og kostnaður við að tengjast flutningskerfinu.

Framtíðar þróunarverkefnunum hefur verið forgangsraðað þar sem endurskoðun á kostnaði virkjana hefur fyrst verið tekinn til skoðunar. Haustið 2021 verður svo farið í endurskoðun á notendaflokkum og afl- og orkugjaldi. Þar á eftir verður farið í endurskoðun á kerfisþjónustu og að lokum kostnaði við að tengjast flutningskerfinu.

1.2 Hlutverk og markmið flutningsgjaldskrár Landsnets

Landsnet hefur sérleyfi til að flytja rafmagn á Íslandi enda um náttúrulega einokun að ræða. Til þess að tryggja hagsmuni neytenda annars vegar og jafnrétti þeirra fyrirtækja sem starfa við framleiðslu og sölu raforku hins vegar gilda ítarlegar reglur um starfsemina sem Orkustofnun hefur eftirlit með að fylgt sé.

Tilgangur og hlutverk flutningsgjaldskrár Landsnets er að innheimta tekjur í samræmi við þau tekjumörk sem flutningsfyrirtækinu eru sett, nýta auðlindir eins vel og mögulegt er, stuðla að ákjósanlegri uppbyggingu flutningskerfisins ásamt því að halda kostnaði niðri. Einnig að styðja við núverandi og framtíðar fyrirkomulag á raforkumarkaði.

1.3 Fyrirhugaðar breytingar á innmötunargjaldi virkjana

Áformað er að færa hluta úttektargjalda notenda yfir á innmötunargjald virkjana til að gjaldið taki mið af kostnaði við fjárfestingar og veiti merki um raunverulegan kostnað við innmötun á raforku. Gjaldskráin fer þá aftur í sambærilegt horf og hún var í á árinu 2007.

Hlutverk flutningsgjaldskrár er að innheimta tekjur í samræmi við þau tekjumörk sem Landsneti eru sett hverju sinni. Breyting á uppbyggingu flutningsgjaldskrárinnar hefur ekki áhrif á heildartekjur félagsins, heldur er eingöngu um tilfærslu á tekjum að ræða.

Drifkraftur fjárfestinga í flutningskerfinu er aflþörf viðskiptavina okkar. Til að gefa merki um hvað endurspeglar fjárfestingaþörf, auka gagnsæi flutningskostnaðar og stuðla að hagkvæmni í flutningskerfinu er lagt til aflgjald fyrir virkjanir. Innmötunargjald í flutningsgjaldskrá Landsnets færast úr því að vera fast afhendingargjald í það að vera aflgjald.

Breytingarnar munu hjálpa til við hagkvæma uppbyggingu flutningskerfisins til lengri tíma litið og verður betur undirbúin fyrir framtíðar áskoranir á raforkumarkaði. Með breyttu innmötunargjaldi stuðlar gjaldskráin að sanngjarnari skiptingu kostnaðar milli notenda og virkjana, jafnræði meðal framleiðanda og er hlutlaus varðandi mismunandi framleiðslutækni. Einnig eykur hún gagnsæi þar sem gjaldið endurspeglar raunkostnað virkjana og stuðlar að því að sá sem veldur kostnaði í flutningskerfinu greiði hann.

2. Flokkun umsagna

2.1 Umsagnarferli

Tillaga liggur nú fyrir um breytingu á gjaldtöku af virkjunum þar sem hluti afl- og orkugjalds vegna úttektar verður færður aftur yfir á innmötun og gjaldskráin fer því aftur í sambærilegt horf og hún var fram á árið 2007. Breyting á uppbyggingu flutningsgjaldskrárinnar hefur ekki áhrif á heildartekjur félagsins, heldur er eingöngu um tilfærslu á tekjum að ræða.

Unnið hefur verið með hagsmunaaðilum frá árinu 2017 við að meta áskoranir og tækifæri tengd núverandi uppbyggingu flutningsgjaldskrár. Í framhaldi var farið í að þróa og greina mikilvægar breytingar á flutningsgjaldskránni.

Drög að uppfærðri flutningsgjaldskrá voru kynnt fulltrúum viðskiptaráðs Landsnets á fundum 7. og 11. maí 2021 og leitað var eftir umsögnum á tímabilinu 30. apríl 2021 til 8. júní 2021. Alls bárust átta erindi frá núverandi viðskiptavinum Landsnets. Einnig var leitað eftir umsögnum hjá væntanlegum viðskiptavinum á tímabilinu 30. júní 2021 til 19. júlí 2021. Engin erindi bárust frá væntanlegum viðskiptavinum.

Athugasemdir hafa verið flokkaðar eftir viðfangsefnum. Efnistöð eru í einhverjum tilfellum sambærileg og því er unnt að draga eða flokka saman athugasemdir eftir viðfangsefnum og gera grein fyrir helstu viðbrögðum Landsnets við þeim.

Eftir yfirferð var talin þörf á að uppfæra drög að innmötunargjaldi virkjana í flutningsgjaldskrá Landsnets. Hægt er að rekja sig í gegnum breytingarnar í viðbrögðum okkar hér að neðan.

2.2 Fjöldi umsagna

Tafla 1: Yfirlit yfir umsagnir

01	HS Orka
02	Landsvirkjun
03	Norðurál
04	Orka Náttúrunnar
05	Orkubú Vestfjarða
06	Orkusalan
07	Rarik
08	Veitur

2.3 Flokkun umsagna

Landsnet hefur flokkað athugasemdir á eftirfarandi hátt:

- [Skilgreining og útfærsla á gjöldum til innheimtu](#)
- [Gjaldmiðill og gengisáhætta](#)
- [Staðsetningarhvarar og afhendingaröryggi](#)
- [Virkjanir tengdar um dreifiveitu og notendur tengdir um virkjun](#)
- [Áhrif á kostnað við tengingu nýrra virkjana, kerfisframlag](#)
- [Áhrif á raforkusölusamninga](#)
- [Lagagrundvöllur fyrir fyrirhuguðum breytingum á gjaldi virkjana](#)
- [Nálgun á endurskoðun á flutningsgjaldskrá Landsnets](#)

Í köflunum hér á eftir er gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust. Framsetning þeirra er þannig að viðkomandi athugasemd er birt, hún skyggð og merkt þeim sem hún tilheyrir, sjá eftirfarandi dæmi:

Óskað er eftir því að það sé skýrt hvers vegna slíkar kröfur eru settar. [01]

Ef fleiri sambærilegar athugasemdir bárust eru númer þeirra birt t.d. [01], [03], [05] og [07]. Með þessari framsetningu er áherslan lögð á viðbrögðin en einnig á að vera auðvelt fyrir þá sem sendu inn athugasemdir að finna viðbrögð við þeim.

3. Umsagnir viðskiptavina og viðbrögð Landsnets

Almennt telja hagsmunaaðilar endurskoðun á gjaldskrá jákvæða og eru sammála markmiðum þeim sem liggja að baki innmötunargjaldi og þróun á flutningsgjaldskrá Landsnets. Almennt er talið jákvætt að flutningsgjaldskráin endurspegli betur raunkostnað þeirra sem tengdir eru flutningskerfinu og að gjaldskráin aðlagist framtíðaráskorunum.

Skiptar skoðanir eru á atriðum er snúa að hönnun innmötunargjaldsins og eru athugasemdir hagsmunaaðila dregnar saman hér á eftir með viðbrögðum Landsnets við þeim.

3.1 Skilgreining og útfærsla á gjöldum til innheimtu

Hér verður vikið að athugasemdum sem snúa að aðferðafræði og skilgreiningu á aflgjaldi sem notað er til innheimtu á innmötunargjaldi. Það er grein 4.10 í drögum að nýrri gjaldskrá.

3.1.1 Skilgreining á aflgjaldi til innheimtu

Eins og fram kemur í kafla 1 þar sem þörf breytinga og markmið eru rakin er drifkraftur fjárfestinga í flutningskerfinu aflþörf viðskiptavina okkar. Til að gefa merki um hvað endurspeglar fjárfestingaþörf, auka gagnsæi flutningskostnaðar og stuðla að hagkvæmni í flutningskerfinu er lagt til aflgjald fyrir virkjanir. Innmötunargjald í flutningsgjaldskrá Landsnets færist úr því að vera fast afhendingargjald í það að vera aflgjald.

Mismunandi sjónarmið koma fram frá umsagnaraðilum varðandi aðferðafræði við innheimtu innmötunargjalds. Hér koma samanteknar umsagnir frá hagaðilum er snúa að útfærslu á aflgjaldi til innheimtu innmötunargjalds.

Athugasemdir snúa að því að aðferðafræði við að reikna út afltoppa þar sem miðast er við 4 hæstu mánaðar afltoppa hafi verið notuð til að reikna afltoppa aflstöðva hafði ákveðna annmarka þar sem gjaldið miðaði í flestum tilvikum við afltoppa sem féllu í truflanarekstri. Hins vegar telja aðrir að með þeirri aðferðafræði fáiast raunmæling með því afli sem virkjun setur inn á flutningskerfið.

Athugasemd [01] snýr að því að í eldri virkjunum hefur margt breyst frá því þær voru byggðar og óvíst hvort allt afl sé enn nýtt eða hvort það sé sett upp fyrir innmötun inn á flutningskerfi eins og í tilfellum jarðvarmavirkjana. Því er lagt til að notast verði við meðaltal fjögurra hæstu toppa liðins árs eins og gert er í núverandi kerfi fyrir útmötunarstaði. Ef til þess kemur að nota eigi uppsett afl virkjana, þá er talið eðlilegt að notast verði við mögulega afhendingu fyrir alla notkunarstaði stórnotenda og veitufyrirtækja þegar aflgjald þeirra er fundið út.

Athugasemd [02] [04] snýr að því að ekki liggi fyrir nákvæm útfærsla á þeirri aðferð sem nú er lagt til. Gjaldfæra ætti einungis þann hluta málaflsins sem fer inn á flutningskerfið og að tekið yrði tillit til eiginnotkunar aflstöðva til lækkunar málafls. Þá væri æskilegt að málafl yrði leiðrétt fyrir þær virkjanir þar sem flutningskerfið kemur í veg fyrir fulla nýtingu þess. Talið er æskilegt að gætt sé að því að heildargjaldskrárhrif breytingarinnar verði engin, þ.e. að flutningstekjur flutningsfyrirtækisins hækki ekki við þessa breytingu og að eingöngu verði um millifærslu innan tekjuramma að ræða.

Athugasemd [08] snýr að því að innmötunargjald sé reiknað út frá samanlögðu ástimpluðu afli véla í hverri virkjun. Vélar framleiða ekki samanlagt ástimplað afl sitt inn á flutningsnetið sem greiðslunni er ætlað að standa undir og hluti af afli virkjana er framleitt til eigin notkunar virkjunar. Einnig er afl nýtt til að keyra áfram dælur til heitavatnsframleiðslu í blönduðum jarðvarmavirkjunum. Talið er að ef notast er við málafl þá mun það hafa neikvæð áhrif á kostnað hitaveitu, ætla má að það sé ekki tilgangur þeirra breytinga sem lagt er upp með í gjaldskránni [04] [08]. Kallað er eftir því að umræddri aðferðafræði verði breytt þannig að gjaldið leggist eingöngu á þá sem eðli máls samkvæmt ættu að greiða það. Eðlilegast er að miða við það afl sem matað er inn á kerfi Landsnets þar sem flutningskerfi raforku er ekki alfarið háð samanlögðu málafl allra véla í kerfi þess.

Viðbrögð:

Með breytingu á innmötunargjaldi í flutningsgjaldskrá er verið að færa tekjur sem áður voru innheimtar af notendum, á virkjanir. Breytingarnar munu ekki auka tekjur Landsnets.

Gjöld til notenda munu lækka í samræmi eins og rakið hefur verið í gögnum sem voru afhent fyrir umsagnarferli og eru aðgengileg á heimasíðu Landsnets.

Breytingar á gjöldum í flutningsgjaldskrá, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar, eru óháðar endurskoðun á uppbyggingu gjaldskrárinnar.

Drifkraftur kostnaðar virkjana er aflþörf fjárfestinga í flutningskerfinu þegar virkjun er tengd við flutningskerfið, óháð því hversu mikið er matað inn á flutningskerfið. Mikilvægt er að sá kostnaður endurspeglar í aflgjaldi innmötunargjalds til að ná fram sanngjarnri skiptingu kostnaðar og stuðla að jafnræði meðal virkjunaraðila. Að öðru jöfnu munu aðrir framleiðendur eða notendur greiða fyrir þann kostnað sem umrædd virkjun veldur í flutningskerfinu.

Landsnet hefur ekki skoðað sérstaklega hvernig fyrirhugaðar breytingar á innmötunargjaldi geta haft áhrif á heitavatnsframleiðslu. Landsnet bendir á að í 7. gr. raforkulaga nr. 65/2003 er að finna ákvæði um starfsemi og skyldur vinnslufyrirtækja sem jafnframt stunda sérleyfisstarfsemi.

Aðferðafræði við útreikning á afli til innheimtu hefur verið endurskoðuð með tilliti til þeirra athugasemda sem borist hafa frá hagaðilum. Í stað þess að horfa til málafls virkjana mun aflgjald vera í samræmi við aflmörk í tengisamningi milli Landsnets og framleiðanda, fyrir hverja virkjun, enda endurspeglar það fjárfestingaþörf vegna virkjana.

Skilmála B2, um sölumælingar og uppgjör, verður breytt í samræmi við breytingar á innmötunargjaldi í flutningsgjaldskrá, þar sem fyrirkomulag uppgjörs á innmötunargjaldi verður útfært nánar. Almenn heildstæð endurskoðun á skilmála B2 er hins vegar ekki á fimm ára áætlun Landsnets.

Breytingar á drögum að flutningsgjaldskrá hefur verið uppfærð í samræmi og er aðgengileg á heimasíðu Landsnets.

Sjá einnig í kaflanum „[Gjaldmiðill og gengisáhætta](#)“

Kallað er eftir upplýsingum [04] á því hvers vegna ekki er beitt sömu aðferðafræði við innmötun og útmötun.

Viðbrögð:

Flutningsgjöld hafa mismunandi áhrif á notendur og virkjanir. Mikilvægt er að hvati sé fyrir notendur til að lágmarka afltoppa hjá sér, en að sama skapi er ekki gott að hafa sömu hvata hjá virkjunum. Þá er mikilvægt að hvati virkjana sé að auka framleiðslu þegar notendur þurfa á því að halda. Þess vegna er lagt til að uppbygging á gjaldi til virkjana refsi þeim ekki fyrir það að auka framleiðslu þegar notendur þurfa á því að halda. Ef notast væri við sömu aðferðafræði og hjá notendum myndi kostnaður hækka hjá virkjunum þegar afltoppar myndast og notendur þurfa á raforkunni að halda, hvatin gæti hins vegar orðið sá hjá virkjunum að auka ekki framleiðslu sökum aukins kostnaðar.

Athugasemd [04] snýr að því af hverju allir framleiðendur ættu að vera með sömu gjaldskrá.

Viðbrögð:

Raforkulög byggja á þeirri pólitísku stefnumörkun að flutningskerfið nýtist jafnt öllum þeim sem því eru tengdir og að sama gjald sé greitt til flutningsfyrirtækisins fyrir alla innmötun virkjana á raforku.

Einnig er hægt að finna upplýsingar í köflunum „[staðsetningarhvatir](#)“ og „[lagagrundvöllur fyrir fyrirhuguðum breytingum á gjaldi virkjana](#)“

Tilbaka í „[Flokkun umsagna](#)„

3.1.2 Afhendingargjald

Athugasemd [07] snýr að því að á fyrstu starfsárum Landsnets var áþekk gjaldskrá í gildi fyrir innmötun. Sá munur var þó á, að þá var þar einnig um að ræða fast árlegt gjald á hvern innmötunarstað og gjald fyrir innmataða orku. Meginþungi gjaldsins var þó á aflliðinn eins og nú er lagt til. Óhjákvæmilegt er að í innmötunargjaldskrá sé fast árlegt gjald eins og almennt er í gjaldskrá dreifiveitna þar sem hverri virkjun fylgir ávallt nokkur árlegur umsýslukostnaður sem er óháður stærð virkjunar.

Viðbrögð:

Árlegur umsýslukostnaður Landsnets fyrir virkjanir hefur verið metinn þar sem niðurstöður eru þær að heildar fastur kostnaður vegna virkjana er hverfandi og því verður ekki lagt fast gjald á virkjanir að svo stöddu.

Sjá einnig í kaflanum „[Virkjanir tengdar um dreifiveitu](#)“.

Til baka í „[Flokkun umsagna](#)“

3.2 Gjaldmiðill og gengisáhætta

Hér verður vikið að athugasemdum sem snúa að innheimtu á innmötunargjaldi framleiðanda í bandaríkjadollar (USD) annars vegar og íslenskum krónum (ISK) hins vegar, sbr. grein 4.11 í drögum að nýrri gjaldskrá.

Eitt af hlutverkum flutningsgjaldskrár Landsnets er að innheimta tekjur í samræmi við þau tekjumörk sem okkur eru sett. Samkvæmt raforkulögum eru tekjumörkin tvískipt og eru annars vegar í bandaríkjadollar (USD) og hins vegar í íslenskum krónum (ISK). Því ber Landsneti að innheimta flutningsgjöld í samræmi.

Athugasemd [01] snýr að því að framleiðendur sem selja orku sína í íslenskum krónum verða fyrir aukinni gengisáhættu verði innmötunargjöld Landsnets innheimt í USD eins og kynnt hefur verið, þ.e. íslensk heimili og fyrirtæki munu standa frammi fyrir gengisáhættu í USD fyrir flutning á raforku til sín. Einnig er talið að dreifiveitur sem hafa tekjur sínar í íslenskum krónum eigi síður að sæta gengisáhættu vegna 80% tengingar aflgjalds virkjana við USD [05] [07]. Einnig snýr athugasemd [03] að því að orðalag í grein 4.11 sé óskýrt. Talið er nærtækara [04] að hafa innmötun eftir skiptingu sölu viðkomandi söluaðila, ef skipta á innmötun niður á myntir.

Viðbrögð:

Markmiðið með innheimtu á innmötunargjaldi í bandaríkjadollar annars vegar og íslenskum krónum hins vegar er til að innheimta í samræmi við þau tekjumörk sem Landsneti eru sett. Tekjumörkin eru tvenn, annars vegar í íslenskum krónum til dreifiveitna og hins vegar í bandaríkjadollar til stórnotenda. Í dag er innmötunargjald eingöngu í íslenskum krónum, en með breytingunni og innheimtu á stærri hlut tekna Landsnets frá virkjunum er mikilvægt að hafa gjaldskrá í báðum gjaldmiðlum til að innheimta tekjur í samræmi við tekjumörk.

Útfærslan á innheimtu í íslenskum krónum og bandaríkjadollar hefur verið endurskoðuð og lagðar til breytingar til að auka gagnsæi og skýrleika.

Hlutfall innmötunargjalds verður 75% í bandaríkjadollar og 25% í íslenskum krónum. Eingöngu verður innheimt innmötunargjald í íslenskum krónum geti framleiðandi sýnt fram á með sannanlegum hætti að hann eigi engin raforkuviðskipti í bandaríkjadollar. Hlutfall innmötunargjalds í bandaríkjadollar og íslenskum krónum verður uppfært í

Samræmi við setningu tekjumarka á fimm ára fresti, næst fyrir tímabilið 2026-2030. Gjaldeyrisskipting nýrra virkjana er metin að loknu fyrsta almanaksári, fram að því er skipting 75% í bandaríkjadollar og 25% í íslenskum krónum.

Skilmála B2, um sölumælingar og uppgjör, verður breytt í samræmi við breytingar á innmötunargjaldi í flutningsgjaldskrá, þar sem fyrirkomulag uppgjors á innmötunargjaldi verður útfært nánar. Almenn heildstæð endurskoðun á skilmála B2 er hins vegar ekki á fimm ára áætlun Landsnets. Þar mun t.d. koma fram að í upphafi árs er gjaldeyrisskipting áætluð fyrir innmötunargjald komandi árs samþykki Landsnet slíkt. Einnig að árslokauppgjör er unnið fyrir liðið ár þar sem meðal annars mánaðarleg uppgjör innmötunargjalds eru yfirfarin og leiðrétt fyrir gjaldeyrisskiptingu.

Drög að flutningsgjaldskrá hefur verið uppfærð í samræmi.

Sjá einnig í kaflanum „[Skilgreining á aflgjaldi til innheimtu](#)“

Til baka í „[Flokkun umsagna](#)“

3.3 Staðsetningarhvatar og afhendingaröryggi

Hér verður vikið að athugasemdum sem snúa að verðmerkjum tengdum staðsetningum á Íslandi og einnig mismunandi aðstæðum og kröfum tengt afhendingaröryggi.

3.3.1 Staðsetningarhvatar

Athugasemdir [01] [04] [05] snúa að því að talið sé að innmötunargjaldskrá með staðsetningarhvatum skili meiri hagræðingu enn án þeirra. Nefna umsagnaraðilar að verðmerki muni aðstoða í málefnum nýrra virkjana því afar gagnlegt er að vita hvar á landinu væri æskilegast að fá nýtt afl inn. Einnig er nefnt að staðsetningarhvatar geti leitt til betri nýtingar og bætt raforkuöryggi til lengri tíma litið.

Viðbrögð:

Þrátt fyrir að margar greinar sýni fram á jákvæð áhrif staðsetningarhvata þá byggja raforkulög á þeirri pólitísku stefnumörkun að flutningskerfið nýtist jafnt öllum þeim sem því eru tengdir og að sama gjald sé greitt til flutningsfyrirtækisins fyrir úttekt frá öllum afhendingarpunktum í hvorum flokki notenda fyrir sig. Þá sé sama gjald fyrir alla innmötun virkjana á raforku en umframkostnaður gerður upp sérstaklega með kerfisframlagi.

Sjá einnig í köflunum „[Skilgreining á aflgjaldi til innheimtu](#)“ og „[nálgun á endurskoðun á flutningsgjaldskrá Landsnets](#)“

Til baka í „[Flokkun umsagna](#)“

3.3.2 Afhendingaröryggi

Athugasemdir hafa verið gerðar við það að ekki sé tekið tillit til virkjana sem ekki njóta fulls N-1 afhendingaröryggis frá Landsneti og þurfi að greiða sama gjald og virkjanir sem njóta fulls N-1 afhendingaröryggis [04] [01]. Athugasemdir hafa verið gerðar við það að kostnaður við rof á vegum Landsnets lendi alfarið á eiganda virkjunar [01].

Viðbrögð:

Með nýlegum breytingum á raforkulögum er nú kveðið á um að Orkustofnun sé heimilt að taka tillit til þess við uppgjör tekjumarka ef markmið um gæði og afhendingaröryggi raforku eru ekki uppfyllt. Viðmið um vikmörk liggja ekki fyrir en þau skulu koma fram í reglugerð og leiðbeiningum Orkustofnunar.

Eins og farið hefur verið yfir hefst næsti áfangi verkefnisins haustið 2021 þar sem tekið verður fyrir notendagjöld og afhendingaröryggi.

Tilbaka í „[Flokkun umsagna](#)“

3.4 Virkjanir tengdar um dreifiveitu og notendur tengdir um virkjun

Hér verður vikið að athugasemdum sem snúa að annars vegar hvernig tekið er á virkjunum sem tengdar eru flutningskerfinu um dreifiveitu og hins vegar notendum sem tengdir eru flutningskerfinu um virkjun. Það eru grein 8. og grein 4.8 í flutningsgjaldskrá Landsnets.

3.4.1 Virkjanir tengdar um dreifiveitu

Hér verða dregnar saman umsagnir varðandi grein 8 í gjaldskrá Landsnets sem snýr að gjaldi til virkjana sem tengdar eru flutningskerfinu um dreifiveitu.

Umsagnir [01] [04] snúa að því að talið er óskýrt hvort virkjunum sem tengdar eru flutningskerfinu um dreifiveitu ber að greiða innmötunargjald. Talið er að gjöld smávirkjana sem tengdar eru um dreifiveitu munu hækka og að forsendur fyrir tengiskilmálum virkjanaaðila og dreifiveitna verða brostnar.

Viðbrögð:

Vinnuhópur hefur verið að störfum á vegum atvinnuvegaráðuneytisins með Orkustofnun, Landsneti, RARIK og smávirkjunaraðilum. Markmið með þeirri vinnu var t.d. að stuðla að því að gjaldskrár flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna endurspegli raunkostnað og hvata til hagkvæmrar og skilvirkar uppbyggingar raforkukerfisins. Ein tillagan frá vinnuhópnum er að allar virkjanir greiði innmötunargjald í samræmi við stærð og/eða framleiðslu sína með líkum hætti og Landsnet hefur unnið að. Landsnet ákvarðar ekki gjöld dreifiveitna, en vilji dreifiveitna er að samræma gjöldin sbr. niðurstöður vinnuhópsins. Tillögunni er ætlað að skapa öllum virkjunum sömu aðstöðu varðandi greiðslu innmötunargjalds, óháð staðsetningu.

Gjaldskrá úttektar til dreifiveitna mun að sama skapi lækka, sem hefur einnig áhrif á smávirkjanir sbr. 8. grein gjaldskrár Landsnets.

Árétta skal að breytingarnar fela eingöngu í sér tilfærslu á tekjum milli viðskiptavina Landsnets. Ekki er um hækkun á tekjum að ræða. Breytingar á innmötunargjaldi hafa þau áhrif að reikningur fyrir úttekt lækkar og reikningur fyrir innmötun hækkar að sama skapi, en heildargreiðslan verður sú sama.

Sjá einnig í kaflanum um „[Afhendingargjald](#)“, „[áhrif á kostnað við tengingu virkjana](#)“, „[kerfisframlag](#)“ og „[lagagrundvöllur fyrir fyrirhuguðum breytingum á gjaldi virkjana](#)“.

Til baka í „[Flokkun umsagna](#)“

3.4.2 Notendur tengdir um virkjun

Hér verða dregnar saman umsagnir varðandi grein 4.8 í gjaldskrá Landsnets um afhendingu til stórnotenda sem tengdir eru um virkjun.

Athugasemdir eru frá [04] um að það virðist sem Landsnet líti á lagaheimild fyrir notendur sem tengjast beint um virkjun sem ósanngjarna. Þar telur umsagnaraðili að heimildum í raforkulögum um notendur sem tengdir eru um virkjun er ætlað að stuðla að möguleikum í nýsköpun og þróun fyrir þá notendur, sem síður eða alls ekki þurfa á öryggi flutningskerfisins að halda. Þar sem það eigi sérstaklega við um fyrirtæki sem nýta fleiri afurðir virkjunar en bara rafmagn. Umsagnaraðili telur því að notandi eigi ekki að greiða fullt innmötunargjald á orku sem ekki fer inn á flutningskerfið og að ósamræmi sé í afstöðu Landsnets og AFRY.

Viðbrögð:

Í fyrirhuguðum breytingum á gjaldi til virkjana er ekki lagt til að notendur sem tengdir eru um virkjun greiði einnig innmötunargjald, enda ekki um innmötun að ræða hjá notendum sem tengdir eru flutningskerfinu um virkjun.

Innmötunargjald er eingöngu innheimt af Landsneti frá virkjunum sem eru tengdar flutningskerfinu beint.

Almennt ber notendum hins vegar að taka jafnan þátt í flutningskerfinu skv. raforkulögum. Undanþága frá því er í 11.gr. raforkulaga, enda tengist hvorki virkjun né notandi flutningskerfinu. Að auki er afsláttur eða undanþága skv. 5. og 6. mgr. 12.gr.a raforkulaga að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Gjöld í flutningsgjaldskrá Landsnets fyrir notendur sem tengdir eru um virkjun eru í samræmi við raforkulög og skilmála Landsnets B8 um notendur tengda um virkjun. Ekki eru lagðar til breytingar, á þessu stigi máls, tengdar gjaldskrá vegna notenda sem tengdir eru flutningskerfinu um virkjun. Því er afstaða Landsnets og AFRY í samræmi hvað það varðar.

Mikilvægt er að stuðla að sanngjarnri skiptingu kostnaðar milli framleiðenda og notenda, að öðru leyti fellur sá kostnaður á aðra framleiðendur eða notendur flutningskerfisins með hærri gjaldskrá. Eins og komið hefur fram felur breyting á uppbyggingu gjaldskrár ekki í sér hækkun á tekjum, heldur er eingöngu um að ræða tilfærslu á milli flokka kerfisnotenda.

Eins og farið hefur verið yfir hefst næsti áfangi verkefnisins haustið 2021 þar sem tekið verður fyrir notendagjöld og afhendingaröryggi.

Til baka í „[Flokkun umsagna](#)“

3.5 Áhrif á kostnað við tengingu nýrra virkjana, kerfisframlag

Hér verður vikið að athugasemdum sem snúa að kostnaðarskiptingu virkjana og flutningsfyrirtækis vegna tenginga nýrra virkjana við flutningskerfið. Það er grein 4.9 í flutningsgjaldskrá Landsnets og heyrir til skilmála Landsnets D3 um kerfisframlag.

Spurt er [04] hvort skilmáli D3 um kerfisframlag mun breytast í samræmi við breytingar á innmötunargjaldi í flutningsgjaldskrá. Umsagnaraðili telur að koma ætti til endurgreiðslna (neikvætt kerfisframlag) til smávirkjunaðila sem tekur mið af breyttu umhverfi.

Viðbrögð:

Skilmáli D3 um kerfisframlag verður tekinn til endurskoðunar og breytt í samræmi við breytingar á innmötunargjaldi í flutningsgjaldskrá. Raforkulög heimila ekki endurgreiðslu til virkjana eða stórnotenda („neikvætt kerfisframlag“) þegar horft er til tengikostnaðar í

flutningskerfinu. Núverandi notendur kerfisins hafa greitt fyrir fyrri uppbyggingu sem oft leiðir til hagkvæmrar tengingar nýrra aðila og ættu einnig að njóta góðs af því í gegnum flutningsgjaldskrá. Flutningskerfið nýtist öllum þeim sem því eru tengdir og taka jafnan þátt í því með gjaldskrá.

Almenn endurskoðun á aðferðafræði um kostnað við tengingu nýrra virkjana og stórnotenda, skilmáli D3 um kerfisframlag, verður tekin fyrir á seinni stigum gjaldskrárþróunar verkefnisins.

Sjá einnig í kaflanum um „[virkjanir tengdar um dreifiveitu](#)“.

Til baka í „[Flokkun umsagna](#)“

3.6 Áhrif á raforkusölusamninga

Hér verður vikið að athugasemdum sem snúa að athugasemdum tengdum raforkusölusamningum, hvort sem er til almennings og fyrirtækja eða stórnotenda.

Umsagnaraðilar eru í grundvallaratriðum sammála markmiðum þeim sem liggja að baki því að taka upp innmötunargjald. Athugasemdir [01] [02] snúa að því að ekki er talið að tekið sé tillit til sérstakra aðstæðna á Íslandi varðandi langtímasamninga við stórnotendur þar sem einhverjir raforkusölusamningar taka ekki á breytingum á flutningsgjaldskrá ásamt því að breytingarnar geti raskað mati ESA tengt ríkisstyrkjum. Áhrifin eru talin tímabundin [04].

Athugasemd [02] snýr að því að framleiðendur, sem enn eru með bindandi samninga um verð með flutningskostnaði inniföldum, greiða mun meira en 1% af tekjum Landsnets þótt það sé í öðru formi en innmötunargjaldi eða tengigjaldi. Þannig má deila um hvort rökin um að framleiðendur þurfi að skynja betur kostnaðinn við flutningskerfið eigi við á Íslandi. Ef virða ætti það hámark sem reglugerð 838/2010/EB segir til um hvað varðar innheimtu flutningsgjalda af orkuvinnsluaðilum, þá telja þau að taka þyrfti með í reikninginn þann flutningskostnað sem orkufyrirtækin greiða nú þegar vegna eldri samninga.

Viðbrögð:

Hvað varðar langtímasamninga um orkusölu við stórnotendur þá má gera ráð fyrir því að breytingar geti orðið á fyrirkomulagi raforkuflutnings, þ.m.t. gjaldtöku, yfir langan tíma.

Áréttá skal að breytingarnar fela eingöngu í sér tilfærslu á tekjum milli viðskiptavina Landsnets. Ekki er um hækkun á tekjum að ræða. Breytingar á innmötunargjaldi hafa þau áhrif að reikningur fyrir úttekt lækkar og reikningur fyrir innmötun hækkar að sama skapi, en heildargreiðslan verður sú sama.

Sú staðreynd að orkusölusamningar við stórnotendur hafa oftar en ekki verið gerðir til langs tíma getur ekki komið í veg fyrir aðlögun og breytingar á fyrirkomulagi raforkuflutnings og þeim reglum og viðmiðum sem um hann gilda. Ákveðnum vandkvæðum er bundið að beita mismunandi viðmiðum eða gjaldskrár fyrir sambærilega viðskiptavinum, enda hvílir jafnræðisskylda á Landsneti á grundvelli raforkulaga, auk þess sem lög og reglur um setningu gjaldskrár eru skýr og miða við sömu gjaldtöku frá sambærilegum viðskiptavinum.

Í sambandi við athugasemdir þar sem vísað er til ESB reglugerða er rétt að geta þess að Landsnet er ekki bundið af ESB reglugerðum nema þær hafi verið teknar upp í EES samninginn og innleiddar hér á landi. Engu að síður hefur Landsnet við gerð tillagnanna að miklu leyti horft til ESB/EES reglna og eins reglna innan einstakra EES landa, að því marki sem við á. Ýmsar ástæður geta hins vegar verið fyrir því að fyrirkomulag gjaldtöku vegna raforkuflutnings er mismunandi milli landa. Hér á Íslandi er það sérstaða að landið tengist ekki öðrum raforkuflutningskerfum.

Athugasemd [04] snýr að því að talin er þörf á betri greiningu á áhrifum af breyttri gjaldskrá. Aðeins er búið að setja fram áætlaðar breytingar af úttekt stórnotenda (-7%) og dreifiveitna (-5%) þó svo að útmötunargjaldskrá liggi ekki fyrir. Talið er að innmötunargjald muni væntanlega valda hækkun á orkuverði sem mun skila sér í auknum kostnaði notenda við orkukaup og fyrir orkukaup dreifiveitu- og flutningstapa. Athugasemdir [04] snúa einnig að áhrifum á raforkusölusamninga til almennings og fyrirtækja. Þar telja þau æskilegt að skýra þurfi út hvernig raforkuframleiðendur eigi að útfæra hækkun á almenna viðskiptavini svo ekki þurfi að taka upp stærstan hluta gildandi samninga við fyrirtæki á almennum markaði. Einnig er talið að umræddar breytingar geti breytt samkeppnishæfni fyrirtækja og snerti almennings, mikilvægt er talið að meta þurfi hvaða áhrif breytingarnar hafa á þá aðila [06]. Athugasemd [08] snýr að því að breytingin felur í sér lækkun á flutningsgjaldi sem almennir notendur greiða en hins vegar mun seld orka hækka. Þar telja þau þörf á að fylgjast þurfi með þróun verðs á raforkumarkaði til amennra notenda og grípa inn ef orkugjald til almennings hækkar umfram það sem eðlilegt þykir.

Viðbrögð:

Áréttu skal að breytingarnar fela eingöngu í sér tilfærslu á tekjum milli viðskiptavina Landsnets. Ekki er um hækkun á tekjum að ræða. Breytingar á innmötunargjaldi hafa þau áhrif að reikningur fyrir úttekt lækkar og reikningur fyrir innmötun hækkar, en heildargreiðslan verður sú sama.

Landsnet hefur upplýst um áhrif breytinganna á viðskiptavini sína. Landsnet hefur hins vegar ekki forsendur til að greina áhrif eða útfæra breytingar á raforkuverði enda er það háð vöruframboði hvers raforkusala. Ef innmötunargjald bætist við raforkuverðið mun það að sama skapi dragast frá kostnaði vegna flutnings og dreifingar, heildarkostnaður er sá sami. Sjá einnig til samræmis viðbrögð við athugasemd hér beint að ofan.

Til baka í „[Flokkun umsagna](#)“

3.7 Lagagrundvöllur fyrir fyrirhuguðum breytingum á gjaldi virkjana

Hér verður vikið að athugasemdum sem snúa að lagagrundvelli fyrir breytingum á gjaldi virkjana.

Athugasemd [02] snýr að því að talinn er vafi leika á um hvort að aðferðafræði sú sem Landsnet styðst við í þessu máli standist lagalega skoðun og þarfnist þannig frekari útfærslu. Talið er að eingöngu sé vísað til þess að gjaldskráin skilgreini gjaldið miðað við úttekt stórnotenda og ekkert svigrúm sé í núverandi lagatexta til að láta reglur um flutningskostnað þjóna markmiðum á borð við nýjar framleiðsluaðferðir eins og nefnt er í tilkynningu Landsnets.

Umsagnaraðili [07] gengur út frá því að ákvæði um að sama gjaldskrá gildi fyrir innmötun virkjana hvort sem þær tengjast Landsneti beint eða í gegnum dreifiveitu komi aftur inn í raforkulög samfara þessari breytingu á gjaldskrá Landsnets og að gjaldið muni eins og áður renna til viðkomandi dreifiveitu, fyrir þær virkjanir sem tengjast Landsneti í gegnum dreifiveitu.

Viðbrögð:

Gjaldskrá Landsnets byggir á tekjumörkum sem fyrirtækinu eru sett af Orkustofnun. Markmið með setningu tekjumarka er að hvetja til hagræðingar í rekstri flutningsfyrirtækisins og tryggja að tekjur þess séu í samræmi við kostnað við þá þjónustu sem því er falið að veita. Landsneti er falið að setja gjaldskrá sem skal vera í samræmi við sett tekjumörk. Fyrir liggur að kostnaður fellur til vegna innmötunar raforku á flutningskerfið, á það við um rekstrarkostnað og kostnað tengdan fjárfestingum í þeim flutningsvirkjum sem nýtt eru við innmötun. Hluti settra tekjumarka er ákvarðaður út frá

viðmiðum sem tengjast beint þeim flutningsvirkjum sem nýtt eru vegna innmötunar. Fyrirhuguð breyting gjaldskrár sem byggist á því að kostnaður sé greiddur af þeim sem honum veldur er þannig í fullu samræmi við ákvæði raforkulaga um tekjumörk og gjaldskrá flutningsfyrirtækisins og fellur betur að markmiðum raforkulaga en núverandi fyrirkomulag. Landsnet hefur skýra heimild til að ákvarða uppbyggingu gjaldskrár með þeim hætti sem fyrirhugaðar breytingar fela í sér.

Gjald vegna innmötunar hefur verið liður í flutningsgjaldskrá Landsnets frá stofnun félagsins árið 2005 og hefur innmötunargjald í einni eða annarri mynd verið innheimt á grundvelli gildandi lagaákvæðis í gjaldskrá án þess að Orkustofnun eða vinnsluaðilar raforku gerðu athugasemdir.

Í samræmi við 9. mgr. 12.gr.a. raforkulaga er næsta skref að senda gjaldskrána til Orkustofnunar og er áskilið að það sé gert a.m.k. átta vikum fyrir gildistöku gjaldskrár. Stefnt er að því að ný gjaldskrá taki gildi 1. janúar 2022.

Varðandi athugasemd tengda virkjunum sem tengdar eru um dreifiveitu, bendum við á viðbrögð okkar í kaflanum „[virkjanir tengdar um dreifiveitu](#)“.

Til baka í „[Flokkun umsagna](#)“

3.8 Nálgun á endurskoðun á flutningsgjaldskrá Landsnets

Hér verður vikið að athugasemdum sem snúa að því hvernig er unnið að endurskoðun á flutningsgjaldskrá Landsnets og í Evrópu.

Almennt taka hagaðilar undir það sjónarmið Landsnets að gjaldskrá fyrirtækisins eigi að taka mið af fjárfestingum og öðrum kostnaði sem af þjónustunni hlýst.

Hagaðilar [01] [02] [03] [04] vilja nánari upplýsingar um heildarsýn og þá heildarbreytingar á gjaldskránni til að geta tekið metið einstaka breytingar.

Viðbrögð:

Gjaldskrá Landsnets hefur tekið nokkrum breytingum frá því fyrsta gjaldskrá félagsins var sett. Áfram má gera ráð fyrir því að reglulegar breytingar verði gerðar á gjaldskránni en sem kunnugt er þá er Landsnet að stórum hluta bundið af lögum og reglum sem gilda um gjaldtöku félagsins. Þær breytingar sem hafa verið innleiddar hafa m.a. miðað að því að fylgja eftir þróun og tryggja lagaleg sjónarmið eins og mögulegt er. Það sama gildir um þá breytingu á gjaldskrá sem nú hefur verið kynnt.

Stöðugt er verið að aðlaga flutningsgjaldskrár í Evrópu til að endurspegla breyttar aðstæður á markaði og breytingar á regluverki, auk þess að taka tillit til tækifæra sem ný tækni hefur í för með sér. Áfangaskipting gjaldskrárbreytinga er því ekki einstök fyrir Ísland. Aðlögun flutningsgjaldskrár á Íslandi er ekki einfalt verkefni og það yrði einstaklega krefjandi að greina margvíslegar breytingar á sama tíma. Þess í stað ákváðum við hjá Landsneti að hafa skýra sýn og forgangsriðun verkefnaáfangna. Slík nálgun er metin ákjósanleg þar sem hún gerir okkur það kleift að innleiða hratt og vel breytingar sem bæta núverandi gjaldskrá.

Sjá einnig í köflunum „[skilgreining á aflgjaldi til innheimtu](#)“ og „[staðsetningarhvatari](#)“

Kallað er eftir því að umræðan fari fram á íslensku sem og efni sem sent er út [06].

Viðbrögð:

Bætt hefur verið úr undanfarið með birtingu gagna á íslensku á heimasíðu Landsnets. Þá hafa verið tvær kynningar fyrir viðskiptavinum á breytingartillögunum, annars vegar á ensku

og hins vegar á íslensku. Við erum einnig ávallt reiðubúin til að setjast niður og ræða málefnið á íslensku eftir þörfum.

Við erum stöðugt að vinna að því að bæta okkur hvað þetta varðar og náum vonandi að gera enn betur í áframhaldandi vinnu tengdri þróun á uppbyggingu flutningsgjaldskrár.

Umsagnaraðilar nefna að mörg Evrópuríki eru ekki með innmötunargjöld í flutningsgjaldskrá og að í sumum eru þau lág [02] [04].

Viðbrögð:

Við gerum okkur grein fyrir fyrirkomulagi í öðrum Evrópuríkjum. Það eru hins vegar ekki öll lönd með lág innmötunargjöld, sérstaklega á Norðurlöndunum. Rök fyrir lágum innmötunargjöldum eru t.d. vegna samræmingar og samkeppnishæfni í umhverfi þar sem nágrannalönd kaupa og selja raforku á milli sín. Einnig hafa lág innmötunargjöld hjálpað til við að stuðla að endurnýjanlegum orkugjöfum eins og t.d. vindlundum.

Nálgun landa varðandi uppbyggingu flutningsgjaldskrár er mjög mismunandi. Mikilvægt er því að meta hvað hentar best á Íslandi, sem er „einangrað“ raforkukerfi enda ekki tengt raforkukerfum annarra löndum. Þrátt fyrir að sum lönd hafi ekki innmötunargjöld er það grundvallarregla að flutningsgjaldskrá endurspegli kostnað að því marki sem unnt er. Þetta eru sterk rök fyrir því að innleiða innmötunargjöld á Íslandi. Skortur á verðmerkjum getur leitt til hærri kostnaðar í flutningskerfinu fyrir alla notendur til lengri tíma lítið.

Til baka í „[Flokkun umsagna](#)“

4. Viðauki: Umsagnir

Hér að neðan er að finna umsagnir viðskiptavina okkar eins og þær bárust Landsneti.

Landsnet

b.t. Svandís H Karlsdóttir (svandis@landsnet.is)

Gylfaflöt 9,

112 Reykjavík



HS ORKA

Svartsengi
240 Grindavík
Iceland

+354 520 9300
hsorka@hsorka.is

www.hsorka.is

Sent með tölvupósti

Svartsengi, 25. maí 2021

Varðar: Umsögn um fyrirhugaðar breytingar á flutningsgjaldskrá Landsnets.

Vísað er til erindis Landsnets dags. 3. maí 2021 þar sem óskað er eftir umsögnum um fyrirhugaðar breytingar á flutningsgjaldskrá fyrirtækisins. Á tveimur kynningarfundum Landsnets með ráðgjöfum hafa verið kynntar tillögur að nýrri útfærslu á gjaldi virkjana fyrir innmötun orku inn á flutningskerfið. Þakkar HS Orka fyrir að hafa fengið að taka þátt í því ferli og þeim umræðum sem þar sköpuðust.

Landsnet hefur kynnt að megin markmið þeirra breytinga sem boðaðar eru, sé að senda „rétt merki“ til markaðarins sem endurspegli kostnað Landsnets við að tengja viðkomandi orkuframleiðanda.

HS Orka tekur undir það sjónarmið Landsnets að gjaldskrá fyrirtækisins eigi að taka mið af fjárfestingum og öðrum kostnaði sem af þjónustunni hlýst. HS Orka kallar því eftir heildstæðri áætlun frá Landsneti þar sem skýrt komi fram hvernig Landsnet hyggst ná settum markmiðum. HS Orka hafnar alfarið „bútasau“ þar sem afmarkaðar gjaldskrárhugmyndir eru teknar fyrir án þess að heildarmyndin liggi fyrir.

Í framlagðri tillögu um breytingu á gjaldskrá með upptöku innmötunargjalds vantar alla yfirsýn á hvert stefnt sé með gjaldskrá fyrirtækisins. Kynntar hafa verið stærðir sem innmötunargjald á að endurspeglar en ekkert rætt um mikilvæga þætti eins og hvaða áhrif innmötun á einum stað hefur á flutningskerfið í heildina hvort innmötum á þeim stað hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á heildina. Að mati HS Orku eru þetta lykilatriði sem skipta miklu máli þegar flutningsgjöld eru ákveðin.

HS Orka telur að ef Landsnet ætlar að senda „rétt merki“ til markaðarins, með uppbyggingu nýrrar gjaldskrár, verði fyrirtækið að setja staðsetningu inn- og útmötunar í forgang því þar eru stóru breyturnar í kostnaði fyrirtækisins.

HS Orka getur ekki fallist á framlagðar tillögur að gjaldstofni innmötunargjalds, verði ásett afl virkjunar það eina sem lagt er til grundvallar í ákvörðun um kostnað á innmötunargjaldi. Í eldri virkjunum hefur margt breyst frá því þær voru byggðar og óvíst hvort allt afl sé enn nýtt eða hvort það sé sett upp fyrir innmötun inn á flutningskerfi eins og í tilfellum jarðvarmavirkjanna. Því leggur HS Orka til að notast verði við meðaltal fjögurra hæstu toppa liðins árs eins og gert er í núverandi kerfi fyrir útmötunarstaði. Ef til þess kemur að nota eigi uppsett afl virkjanna, væri þá ekki eðlilegt að notast verði við mögulega afhendingu fyrir alla notkunarstaði stórnotenda og veitufyrirtækja þegar aflgjald þeirra er fundið út?

Verði núverandi tillögur Landsnets um innmötunargjöld að veruleika munu sölufyrirtæki sem selja raforku til stórnotenda, og greiða ekki fyrir flutning viðskiptavinar síns, fyrir viðbótar kostnaði, þar sem núverandi sölusamningar taka ekki á breytingum á flutningsgjaldskrá. Að sama skapi munu framleiðendur sem selja orku sína í íslenskum krónum verða fyrir aukinni gengisáhættu verði innmötunargjöld Landsnets innheimt í USD eins og kynnt hefur verið, þ.e. íslensk heimili og fyrirtæki munu standa frammi fyrir gengisáhættu í USD fyrir flutning á raforku til sín.

HS Orka á og rekur vatnsaflsvirkjun sem framleiðir inn á dreifikerfi dreifiveitu en auk þess kaupir HS Orka hátt í 200 GWh á ári frá öðrum smávirkjum sem framleiða inn á dreifikerfi dreifiveitna. Ekki liggur enn fyrir hvort þessar virkjanir þurfi að greiða innmötunargjald. Allar þessar virkjanir hafa þurft að greiða tengigjald til dreifiveitna sem endurspeglar ávinning aðila af tengingunni. Ljóst er að taka þarf upp alla þessasamninga ef þessar virkjanir þurfa að greiða innmötunargjald því um væri að ræða verulega breyttar forsendur samninga.

Samkvæmt framlögðum tillögum, eiga innmötunargjöld að standa undir um 13% af flutningstekjum Landsnets, samtals um 2 milljarðar á ári án þess að heildartekjur Landsnets aukist af flutningsstarfsemi. Þessisaða prósentutala á svo að þróast með uppbyggingu kerfisins og endurspegla þann hluta eignastofns fyrirtækisins sem þjónar virkjum. Það er mat HS Orku að mikilvægara sé að senda sterkari merki til markaðarins varðandi bæði innmötunar- og útmötunarstaði, þar sem tekið er tillit til tapa og raunkostnaðarviðkomandi staða í flutningskerfi Landsnets. Það muni leiða til betri nýtingar og í raun öflugra kerfis þegar horft er til lengri tíma.

HS Orka leggur til eftirfarandi:

- Landsnet leggi fram heilstæða áætlun um hvernig fyrirtækið hyggist senda rétt merki til markaðarins með uppbyggingu gjaldskrár sinnar, ekki bara innmötunargjöld á alla framleiðendur, heldur hverniggjaldskráin á að senda rétt merki sem endurspeglar allan tilkostnað í flutningskerfinu.
- Landsnet færi hugmyndir um „Nodal pricing“ úr raforkusölu yfir í flutningsgjaldskrá sína. Þ.e. í stað þess að raforkusölufyrirtæki þurfi að færa sig yfir í að selja viðskiptavinum raforku á mismunandi verðum vegna flutningstakmarkanna, verði þær flutningstakmarkanir einfaldlega settar inn í flutningsgjaldskrá. Þetta mun leiða til sterkari merkja fyrir viðskiptavinum auk þess að draga verulega úr flækjustigi þess raforkusölumarkaðar sem kynntur hefur verið fyrir sölufyrirtækjum.
- Samhliða þessari breytingu, kynni Landsnet yfirlit yfir virkjanir, þar sem farið er yfir hver heildaráhrifvirkjanna er. Þetta verði svo notað til ákvörðunar um kostnað við innmötun.
- Að endingu telur HS Orka **algjörlega óásættanlegt** að virkjanir sem ekki njóta N-1 tengingar frá Landsneti, þurfi að greiða sama gjald og virkjanir sem njóta N-1 teningar, auk þess sem kostnaður við rof á vegum Landsnets á tengingum lendi alfarið á eiganda virkjunar og teljum við eðlilegt að Landsnet beri þann kostnað enda hafa framleiðendur ekkert með viðhald Landsnets á sínum mannvirkjum að gera.

Virðingarfyllst,

f.h. HS Orku hf.



Friðrik Friðriksson, Framkv.st.

sölu.

Landsnet
Gylfaflöt 9
112 ReykjavíkReykjavík, 08.06.2021
Tilvísun vor: E-2021-235 / 00.11**Efni: Fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá Landsnets**

Vísað er til tölvupósts frá Svandísi Hlín Karlsdóttur, 30. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn Landsvirkjunar um breytingar á gjaldi virkjana í flutningsgjaldskrá Landsnet s. Um er að ræða yfirfærslu af úttektargjöldum notenda á innmötunargjald virkjana en Landsnet hefur verið á vegferð við endurskoðun gjaldskrá sína í nokkurn tíma. Landsvirkjun telur endurskoðunina almennt jákvæða og þakkar tækifærið til umsagnar.

Landsvirkjun hefur kynnt sér breytingarnar og vekur athygli á því að óbreytt áform myndu færa milljarða frá Landsvirkjun til orkusækinna við skiptavina fyrirtækisins og hafa töluverðar ófyrirséðar afleiðingar í för með sér. Fyrirkomulag á greiðslu raforkuflutnings er veigamikill þáttur í samningaviðræðum Landsvirkjunar við skiptavini á stórnotendamarkaði og felur ýmist í sér að Landsvirkjun greiðir flutningskostnað fyrir viðskiptavini sína eða ekki. Núverandi fyrirkomulag er bundið í langtímasamninga sem illfært getur reynst að breyta eftir

a. Ekki er ólíklegt að dómsmal litu dagsins ljós ef Landsvirkjun myndi láta á það reyna að sækja til baka þá fjármuni sem innmötunargjöld myndu færa frá fyrirtækinu til við skiptavina þess.

Landsvirkjun er í grundvallaratriðum sammála markmiðum þeim sem liggja að baki því að taka upp Innmötunargjöld en telur að alls ekki sé tekið nægt tillit til sérstakra aðstæðna á Íslandi og að leita þurfi betri leiða. Ef setja ætti á innmötunargjöld þá þyrfti að taka tillit til þessa og tryggja að þær farsendur sem hafðar voru að leiðarljósi við gerð núverandi langtímasamninga breytist ekki. Áform um innmötunargjöld myndu einnig væntanlega skekkja viðskiptasambönd annarra orkufyrirtækja og við skiptavina á stórnotendamarkaði. Fyrirtækið telur nauðsynlegt að breyta eða aðlaga áform um innmötunargjöld til að koma í veg fyrir þessar óæskilegu afleiðingar.

Landsvirkjun vill einnig vekja athygli á því að vafi leiki á um hvort að aðferðarfræði sú sem Landsnet styðst við í þessu máli standist lagalega skoðun og þarfnist þannig frekari útfærslu.

Að lokum vill Landsvirkjun ítreka að þrátt fyrir að fyrirtækið styðji vegferð Landsnets um endurskoðun á gjaldskrá sinni, þætti Landsvirkjun eðlilegra að horft væri heildsætt á ferlið. Landsnet hefur unnið að breytingum á gjaldskránni undanfarin ár og hefur Landsvirkjun vakið á þessu athygli á fjölmörgum fundum og í formlegum umsögnum. Ítrekast sú skoðun



fyrirtækisins hér enn á ný.

Nánar er fjallað um afstöðu fyrirtækisins hér á eftir:

Óæskilegar afleiðingar af innleiðingu innmötunargjalda Landsnets

Eins og fram kemur í skýrslu AFRY fyrir Landsnet geta þarfir einstakra ríkja verið mismunandi og afstæður kallað á ólíkar leiðir við fyrirkomulag á gjaldtöku. Í skýrslunni og áðurnefndri tilkynningu Landsnets er byggt á og gefið sem farsenda að framleiðendur á Íslandi greiði einungis 1% at kostnaðinum við flutningskerfið á Íslandi.

Ekki er minnst á að stór hluti þeirrar raforku sem fer um flutningskerfi Landsnets gerir það á grundvelli langtímasamninga orkufyrirtækjanna við stórnotendur sem nýta um 80% af raforkuframleiðslu landsins. Í þeim samningum er fjallað um flutningskostnað sem þátt í verðákvörðun fyrir raforkuna. Það á sér einnig sögulegar farsendur að eldri samningar kváðuáum að vera með flutningskostnaði inniföldum.

Því er ljóst að framleiðendur, sem enn eru með bindandi samninga um slíkt fyrirkomulag, greiða mun meira en 1% at tekjum Landsnets þótt það sé í öðru formi en innmötunargjaldi eða tengigjaldi. Landsvirkjun greiðir að öllu leyti eða að hluta til fyrir flutningskostnað hjástærstu viðskiptavinum sínum. Svipað er upp á teningnum hjá öðrum orkufyrirtækjunum, en sem dæmi þá var samningur Orkuveitu Reykjavíkur við Norðurál birtur opinberlega nýlega og þar greiðir OR að öllu leyti fyrir flutninginn.

Þannig má því deila um hvort rökin um að framleiðendur þurfi að skynja betur kostnaðinn við flutningskerfið (til að haga sér til samræmis) eigi við á Íslandi. Framleiðendur greiða nú þegar stóran hluta kostnaðarins á grundvelli samninga sinna. Ef virða ætti það hámark sem reglugerð 838/2010/EB segir til um hvað varðar innheimtu flutningsgjalda af orkuvinnsluaðilum, þá þyrfti að taka með í reikninginn þann flutningskostnað sem orkufyrirtækin greiða nú þegar vegna eldri samninga.

Eftir breytingar á lagaumhverfinu árið 2003 og með tilkomu Landsnets var flestum samningum beint í þann farveg að flutningskostnaður skyldi greiddur af kaupendum orkunnar, enda miðar regluverkið við að þeir semji við Landsnet um það. Þetta endurspeglast í samningum um orkuverð eftir þann tíma. Kaupendur sem tóku að sér að greiða flutningskostnað fengu betra verð sem því nam frá framleiðendum. Et kúvenda á skiptingu flutningskostnaðar, á milli framleiðenda og kaupenda, hefur það óheppileg áhrif sem voru með öllu ófyrirsjáanleg þegar til samninganna var stofnað.

Framangreindar aðstæður á íslenskum markaði gera áform Landsnets flóknari og nái þau óbreytt fram að ganga gætu þau haft ófyrirséðar afleiðingar. Her má nefna nokkur atriði:

- a) Ef framleiðendum er gert að axla stærri hluta tekna Landsnets raskaði



það verulegaforsendum langtímasamninga Landsvirkjunar. Landsvirkjun reiknast til að álagning innmötunargjalda líkt og lagt er til myndi færa milljarða frá Landsvirkjun, fyrirtækis í eigu íslensku þjóðarinnar, og til orkusækinna viðskiptavina fyrirtækisins.

- b) Ef orkufyrirtækin myndu reyna að fá raforkusamningum breytt með hliðsjón af breyttum farsendum varðandi flutningskostnað þá mætti búast við því að slík mál gætu endað fyrir dómstólum. Slíkt myndi hafa slæm áhrif á áratugalöng viðskiptasambönd og engin leið er að segja hvernig dómstólar myndu úrskurða í slíkum málum.
- c) ESA hefur fjallað um raforkuverð í samningum Landsvirkjunar samkvæmt reglum umríkisaðstoð frá árinu 2005. Þar hafa verið lagðar fram forsendur um kostnað Landsvirkjunar og hvernig fara skuli með flutningskostnað þegar ásættanleg arðsemi er metin. Breyttar forsendur um gildandi samninga óhjákvæmilega raska því mati ESA og gæti leitt til þess að umræddar breytingar á gjaldskrá væru taldar ríkisstyrkur.

Álitamál um lögmæti innmötunargjalds Landsnets

Í skýrslum ENTSO-E og ACER hefur verið bent á að sum ríki hafi ekki lagt innmötunargjald á framleiðendur sökum þess að ekki hafi verið fyrir því sérstök lagaheimild. Að mati Landsvirkjunar er verulegt álitamál hvort lagastoð sé fyrir áformum Landsnets að gera breytingar á gjaldskrá sem miði gjalddöku framleiðendanna við ákveðna fjárhæða fyrir hverja megavattsstund eins og ESB reglugerðin frá 2010 miðar við (og gildir fyrir Noreg). Gjaldskráin á samkvæmt íslenskum lögum að miðast við úttektir en ekki innmötun eða uppsett afl hjá framleiðendum. Það er hin gildandi stefnumörkun Alþingis að því er best veraur séð.

Í núgildandi raforkulögum segir í 12. gr. á um gjaldskrárheimild að hún skuli gilda „annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda“. Ekki er lengur minnst á, eins og var í fyrri útgáfu laganna, að gjaldskráin skuli skilgreina „gjald fyrir tengingu við flutningskerfið og gjald fyrir mötun og úttekt í hverjum tengipunkti“. Frá árinu 2011 er eingöngu vísað til þess að gjaldskráin skilgreini gjaldið miðað við úttekt stórnotenda.

Með þessari breytingu á orðalagi og með því að tekjumörk og gjalddaga skyldi ákveðin í Bandaríkjadöllum virðist löggjafinn helst hafa haft það í hyggju að gjalddagan fyrir flutning sneri eftir 2011 að stórnotendum fremur en framleiðslufyrirtækjunum. Að minnsta kosti er ekkert minnst á þau í lagatextanum og hugtakið „mötun“ beinlínis tekið úr textanum.

Þá má nefna að í 10. mgr. 12. gr. a. er sérstakt ákvæði um að krefjast eigi sérstakrar greiðsluef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfið veldur auknum tilkostnaði



annarra notenda kerfisins, sbr. einnig ákvæði gr. 16.a, b og c í reglugerðinni eins og henni var breytt í september 2016.

Rökin sem er að finna í tilkynningu Landsnets um frá 13. nóvember 2020 eru tvenns konar. Þau snúast í fyrsta lagi um að núverandi gjald af vinnsluaðilum taki ekki mið af kostnaði við fjárfestingar og rekstur og veiti „vinnsluaðilum ekki merki um raunverulegan kostnað við innmötun á raforku“. Í öðru lagi að með breytingunni sé verið að „koma til móts við framtíðarbreytingar með fjölbreyttari vinnsluaðferðum“. Rætt er um að í stað þess að vinnslufyrirtækin beri 1% af tekjum Landsnets fari það hlutfall í 13% og bent á að tekjur vegna innmötunar í Evrópu séu allt frá því að vera engar og í að vera 38%.

Landsvirkjun telur þannig að þær röksemdir sem nefndar eru fyrir breytingu á gjaldskránni rúmist ekki innan lagarammans. Ekkert svigrúm er í núverandi lagatexta til að láta reglur um flutningskostnað þjóna markmiðum á borð við nýjar framleiðsluaðferðir eins og nefnt er í tilkynningu Landsnets eða aukna sanngirni. Væntanlega þyrfti sérstaka stefnumörkun Alþingis og lagafyrirmæli til að geta beitt innmötunargjaldi í þeim tilgangi eins og sum Evrópuríki hafa gert.

Frekari útfærsla innmötunargjalds Landsnets

Í tillögu Landsnets er lagt til að innmötunargjald reiknist út frá málafla aflstöðva. Í fyrstu gjaldskrá Landsnets eftir markaðsvæðingu raforkukerfisins 2005 var innheimt innmötunargjald, en þá miðaðist það við 4 hæstu mánaðar innmötunartoppa aflstöðva. Strax ári seinna var hætt við þessa innheimtu. Sú aðferð sem notuð var til að reikna afltoppa aflstöðva hafi ákveðna annmarka þar sem gjaldið miðaði í flestum tilvikum við afltoppa sem féllu til í truflanarekstri.

Ekki liggur fyrir nákvæmlega útfærslan á þeirri aðferð sem nú er lagt til. Landsnet upplýsti á kynningarfundum að gjaldfæra ætti einungis þann hluta málaflsins sem fer inn á flutningskerfið. Tekið yrði tillit til eiginnotkunar aflstöðva til lækkunar málafls. Það hefur sérstaklega áhrif í jarðvarmavirkjunum þar sem eigin notkun er há. Þá væri æskilegt að málafl yrði leiðrétt fyrir þær virkjanir þar sem flutningskerfið kemur í veg fyrir fulla nýtingu þess, s.s. í Fljótsdal.

Að lokum telur Landsvirkjun æskileg, ef af áformum Landsnets verður, að gætt sé að því að heildargjaldskráráhrif breytingarinnar verði engin, þ.e. að flutningstekjur flutningsfyrirtækisins hækki ekki við þessa breytingu og að eingöngu verði um millifærslu innan tekjumarkanna að ræða.

innmötunargjöld eru ekki ríkjandi leið til gjaldtöku í Evrópu

Innan EES byggir gjaldtaka vegna uppbyggingar og rekstrar á flutningskerfi raforku á forsendum um hæfilega þóknun til að standa undir kostnaði og stuðla að sem mestri hagkvæmni í kerfinu. Fjölmörg sjónarmið eru höfð í huga vegna hinnar sérstöku aðstöðu sem flutningsfyrirtækin hafa, einkum að sá sem stofnar til kostnaðar fyrir kerfið greiði fyrir hann,



stuðlað sé að góðri nýtingu, jafnræðis sé gætt, gegnsæi sé um farsendur tekjumarka og gjalddöku og fyrirkomulagið sé eins einfalt og unnt er. Þá má sjá að ríkin hafa haft sjónarmið um umhverfissvæna orkugjafa í huga, einkum þegar kemur að greiðsluþátttöku framleiðenda raforkunnar.

Ríkin beita fjölbreyttum aðferðum við að ná þessum markmiðum. Reglugerð 943/2019/EB setur ákveðinn ramma um gjalddökuna innan ESB en ríkin hafa þó verulegt svigrúm til útfærslna. Þau blanda í fyrsta lagi saman föstum gjöldum og gjalddöku tengdri uppsettu afli eða því magni sem um kerfið fer (framleiðsla). Í öðru lagi er eru farnar mismunandi leiðir við að skipta kostnaðinum við flutningskerfið á milli framleiðanda orkunnar og þeirra sem hana kaupa.

Sjónarmið Landsnet fyrir innmötunargjöldum eru rakin í áfangaskýrslu AFRY. Þar eru sérstaklega tekin dæmi af fyrirkomulagi gjalddöku í Bretlandi, Noregi og Svíþjóð. Hér má þó nefna að þegar skipting tekna í Evrópu er skoðuð í heild sinni má segja að þessi þrjú lönd séu frekar sér á báti en einkennandi fyrir stöðuna. Gögn eru tiltæk um skiptinguna í 36 Evrópuríkjum árið 2019. Þar af eru 20 land sem leggja ekkert eða nánast ekkert á framleiðendur (0-0,2%), en sex land láta orkuframleiðendur bera meira en 10% af flutningsgjöldum (Svíþjóð, Noregur, N-Irland, Svartfjallaland, Írland, Bretland og Finnland). Í Svíþjóð og Svartfjallalandi er hlutfall framleiðenda um 37%.

Þá er nefnt í skýrslu AFRY að Statnett í Noregi hafi sóst eftir hækkandi hlutdeild framleiðenda í tekjugrunni sínum (sem er bundinn við 1,2 €/MWh) á þeim forsendum að stór hluti raforku væri fluttur út til notkunar í öðrum löndum en verið hafnað. Við þær aðstæður er augljóslega erfitt að afla tekna vegna alls flutningskerfisins eingöngu frá kaupendum raforku. Það er skiljanlegt sjónarmið en á þó ekki við á Íslandi.

Í skýrslu AGER frá árslokum 2019 kemur fram að ástæða þess að mörg ríki hafi ekki lagt gjöld á framleiðendur séu bæði skortur á sértækri lagastoð og til að tryggja samkeppnisstöðu gagnvart framleiðendum í öðrum löndum þar sem slík gjöld eru ekki lögð á.

Einnig kemur fram að í þeim ríkjum sem leggja flutningsgjöld á framleiðendur séu ýmsar undanþágur frá gjalddöku. Sumir framleiðendur - í þeim löndum sem þó leggja og er heimilt að leggja gjald á framleiðendur - eru alfarið undanþegnir gjöldunum (Belgía, Frakkland, Portúgal, Slóvakía og Bretland að hluta), og tengjast undanþágurnar yfirleitt smærri aðilum eða örvun fjárfestinga, en einnig er undanþágum beitt í þágu umhverfissvænni framleiðslu. Þá er rakið í skýrslunni að nokkur ríki hugi að endurskoðun á gjalddöku og er athugavert fyrir þetta mál að Spánverjar höfðu, samkvæmt skýrslunni, ákveðið að afnema greiðsluþátttöku framleiðenda (sem var 10%).

Samantekt

Að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda telur Landsvirkjun ljóst að fyrirhugaðar



gjaldskrárbreytingar á gjaldi virkjana og upptaka innmötunargjalds hafi töluverðar og ófyrirséðar afleiðingar í för með sér. Framleiðslufyrirtæki séu samningsbundin við sína viðskiptavini til langs tíma og innifeli samningar ýmist í sér flutningskostnað eða ekki. Næði breyting þessi fram að ganga hefði það mikinn kostnað í för með sér og beina færslu verðmæta frá framleiðslufyrirtækjum í almenningseigu og til viðskiptavina þeirra á stórnotendamarkaði. Landsvirkjun telur ennfremur að lagastoð fyrir áformunum sé ekki nægilega trygg og að hana þurfi að undirbyggja betur áður en ráðist verður í slíkar breytingar.

Í ljósi þessa leggur Landsvirkjun til að fyrirhugaðar breytingar verði greindar með tilliti til þessara athugasemda og leitað leiða til að ná markmiðum Landsnets um innheimtu kostnaðar og hagkvæmni án þessara verulega neikvæðu áhrifa á umhverfi fyrirtækisins.

Landsvirkjun lýsir sig tilbúna til samstarfs við Landsnet um hvernig þessu mætti ná fram.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri

Reykjavík, 25. maí 2021

Landsnet hf.
landsnet@landsnet.is
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Athugasemdir Norðuráls við drög að breytingu á innmötunargjaldi í gjaldskrá Landsnets

Landsnet hefur lagt fram drög að breytingu á innmötunargjaldi í gjaldskrá sinni þar sem innmötunargjald verður ekki lengur fastur kostnaður sem er jafn fyrir raforkuframleiðendur heldur fer eftir afli.

Norðurál gerir ekki athugasemd við breytinguna sem slíka heldur leggur áherslu á að Landsnet leggi sig fram við að láta gjaldskrá endurspeglar kostnað þannig að hvert fyrirtæki, hvort heldur sem framleiðandi eða notandi, greiði fyrir sinn réttmæta kostnað í kerfinu.

Grein 4.11 segir „Hlutfall innmötunargjalds hvers framleiðanda í USD er byggt á hlutfalli raforkuflutnings til stórnotenda frá fyrra ári, sem verður birt á heimasíðu Landsnets.“ Þetta orðalag er ruglandi þar sem ekki er vitað hvaða hlutfall er átt við þegar vísað er til hlutfalls raforkuflutnings til stórnotenda, er það hversu mikið hver framleiðandi selur til stórnotanda eða er það heildarhlutfallið yfir allt kerfið?

Þó að Norðurál geri ekki athugasemd við þessa tillögu að breytingu á innmötunargjaldi þá viljum við hins vegar koma því á framfæri að það er mjög erfitt að leggja mat á eina breytingu í einu án þess að vita hvaða aðrar breytingar eru í farvatninu. Þó að hinar ýmsu tillögur hafi verið ræddar á fundum viðskiptaráðs Landsnets þá hefur heildarsýn ekki verið kynnt. Mikilvægt er að hafa yfirsýn á hvaða vegferð Landsnet er til þess að geta skilið hvaða áhrif hver breyting hefur þegar fram líða stundir. Norðurál kallar þess vegna yfir að skýrari sýn varðandi framhaldið verði lagt fram til að raunhæft sé að fá úthugsaðar umsagnir frá viðskiptavinum Landsnets.

Virðingarfyllt,
Guðrún Halla Finnsdóttir
verkefnastjóri viðskiptaþróunar
f.h. Norðuráls
GudrunHalla@nordural.is
696-9556

Reykjavík, 8. júní 2021
Landsnet landsnet@landsnet.is

Efni: Umsögn Orku náttúrunnar ohf. (ON) um innmötunargjald, áfangi 2A.

1.0 Inngangur

Orka náttúrunnar ohf. (ON) veitir hér í þriðja sinn umsögn um fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar Landsnets. Að mati ON er enn mörgum spurningum ósvarað og helstu annmarkar felast einmitt í því hve mikið vantar upp á heildarmynd tillagna.

ON fær ekki séð hverjar ástæður fyrir breytingum kunna að vera. Landsnet nefnir til sögunnar eftirfarandi ástæður :

- Kostnaðarskipting sé ekki sanngjörn. Innmötun er 13% eignastofns, en ekki 1%.
- Jafnræði sé ekki milli mismunandi framleiðslutækni í núverandi gjaldskrá.
- Enn frekari ósanngirni gæti þar sem stórnotendur tengjast í gegnum virkjanir með beintengingum.
- Líkur séu á fleiri nýjum virkjunum sem nýti vindorku. Vindorkan sé með minni nýtingartíma en aðrar virkjanir, tryggja þurfi eðlilega hlutdeild í flutningskerfi.

ON fær ekki séð að ofangreindar ástæður kalli á innmötunargjaldskrá í takt við þá sem Landsnet er að leggja til.

Að því sögðu, þá er gjaldskrárstrúktúr Landsnets gamall og hefur lítið breyst á undanförunum árum. Flutningskerfi er víða með litla umframgetu og því bæði eðlilegt og rétt að skoða atriði sem má bæta. ON telur að ef breyta eigi gjaldskrá, þá sé rétt að bæta hana um leið.

Samandregið

Að mati ON eru tillögur Landsnets um aukna hlutdeild framleiðenda í innmötun í flutningsgjaldskrá óútfærðar og því ófullnægjandi. Mjög erfitt er að veita gagnlega umsögn á þessu stigi, þar sem veigamikla þætti vantar í heildarmyndina. Það sem þó er lagt fram vekur upp fleiri spurningar en svör. Eftirfarandi eru helstu efnisatriði sem ON vill koma á framfæri á þessu stigi, en ítrekar að vinna þarf tillögunar frekar og óska aftur umsagna.

- Kallað er eftir betri greiningu á áhrifum af breytttri gjaldskrá. Aðeins er búið að setja fram áætlaðar breytingar af úttekt hjá stórnotendum (-7%) og dreifiveitum (-5%) þó svo að útmötunargjaldskrá liggi ekki fyrir.
 - Innmötunargjald mun væntanlega valda hækkun á orkuverði, sem hafa mun áhrif til hækkaðs kostnaðar við orkukaup notenda og fyrir orkukaup flutnings- og dreifiveitutapa. Þetta mun draga úr ofangreindum breytingum (-7% / -5%) hjá endanlegum notendum og fyrir suma viðskiptavinahópa má reikna með hærri kostnaði þegar allir þættir eru teknir saman.

- Svo virðist sem Landsnet líti á lagaheimild fyrir notendur sem tengjast beint við virkjun sem ósanngjarna. ON leggur ríka áherslu á þær heimildir sem til staðar eru í 12. gr. a í raforkulögum og telur að þeir aðilar sem ekki tengjast flutningskerfinu og njóta þess í engu, eigi ekki að greiða neitt flutningsgjald. Aðeins kerfisþjónustu.
- Gera þarf betur grein fyrir virkjunum tengdum um dreifikerfi. Í dag greiða smávirkjanir árlegt fastagjald miðað við ástimplað afl rafala og einnig endurgreiðir dreifiveita til virkjunaraðila ef virkjun er undir 3,1 MW til samræmis við lög.
 - Ljóst er að með nýju fyrirkomulagi munu gjöld smávirkjana til dreifiveitna hækka verulega og forsendur fyrir tengiskilmálum virkjanaaðila og dreifiveitna verða brostnar. Miðað við umrædda gjaldskrá á innmötun ætti að koma til neikvætt kerfisframlag til smávirkjanaaðila sem tekur mið af breyttu umhverfi. (Ellegar safnast upp tekjur hjá dreifiveitum vegna smávirkjana.)
- Kallað er eftir ígrunduðum leikreglum um staðsetningarhvata, ef farið er út í að breyta leikreglum á annað borð. Staðsetningarhvatari geta verið verulegir, eins og t.d. í Svíþjóð.¹
 - Að mati ON er jafnframt eðlilegt að hafa til skoðunar staðsetningarhvata á útmötun.
 - Að mati ON er nauðsynlegt að innleiða staðsetningarhvata strax. Hvorki hefur gengið eða rekið í málefnum nýrra virkjana og afar gagnlegt að vita hvar á landinu æskilegast væri að fá nýtt afl inn.
- Óljóst er hvernig uppgjöri á innmötun verður háttað. Í kynningum er rætt um málafl en í svörum við fyrirspurnum kom fram að ekki stæði til að innheimta flutningsgjald vegna eigin notkunar, sem hefur áhrif til hækkunar á varma frá hitaveitum sem notast við blandaðar jarðvarmavirkjanir.
 - Hvers vegna er ekki beitt sömu aðferðarfræði við innmötun og útmötun?
- Í útmötunargjaldi er gerður greinarmunur eftir notendaflokkum (stórnotendur/dreifiveita). Svo virðist að til standi að hafa sömu fjárhæð í innmötun (mismunandi gjaldmiðlum) og telja má víst að henni verði breytt reglulega vegna breytinga á gjaldmiðlum.
 - Sé vilji til að hafa sambærileg hlutföll í innmötun og útmötun þarf gjaldskráin að endurspeglar það, sbr. nánar í kafla 4.7.
- Rökstyðja þarf hvers vegna allir framleiðendur ættu að vera með sömu gjaldskrá, en sumir framleiða eingöngu fyrir dreifiveitur og eru ekki með USD í efnahagsreikningi sínum. Aðrir framleiðendur eru með blandaðan viðskiptavinahóp.
- Þar sem að innmötun verður hluti af gjaldskrá í rekstri, mun þá ekki netmáli D3 um kerfisframlag breytast, eða færast til samræmis við gjaldskrá? Í útreikningum kerfisframlags er miðað við 11% innmötun viðskiptavinar á núverandi svæði, en 16,5% innmötun á nýju svæði.

Niðurstaða og tillaga ON : Tillögur um innmötunargjaldskrá eru of lítið unnar til að hægt sé að taka afstöðu til þeirra og veita umsögn. Vinna þarf tillögur upp á nýtt. ON leggur til að drög séu endurunnin heildstætt, ásamt a.m.k. útmötunargjaldskrá og send aftur í umsagnarferli. ON vill þó koma með nokkrar athugasemdir á þessu stigi verkefnis.

¹ Sjá https://eepublicdownloads.entsoe.eu/clean-documents/mc-documents/190626_MC_TOP_7.2_TTO_Synthesis2019.pdf

2.0 Jafnræði milli framleiðslutækni og sanngirni í gjaldskrá

Öll framleidd raforka er notuð einhversstaðar. ON fær ekki séð að sanngirnirök í skiptingu kostnaðar milli útmötunar og innmötunar eigi sérstaklega við, notandi greiðir alltaf fyrir flutning á endanum, hlutdeild innmötunar bætist einfaldlega við orkuverð.

Hvaða hlutföll innmötunar og útmötunar eru réttust? Líkt og ON benti á í umsögn sinni 28.02.2020 þá voru 21 ríki af 36 eingöngu með útmötunargjaldskrá og af þeim 15 sem eftir stóðu var innmötun yfirleitt með staðsetningarhvötum. Landsnet hyggst ekki fara þá leið.

Það eru því sérkennileg rök að innmötunargjald án staðsetningarhvata sé til þess fallið að auka jafnræði milli mismunandi framleiðslutækni. Stærstu og þróuðustu ríki Evrópu, Þýskaland og Frakkland eru hvort um sig með 0% og 3% hlutfall innmötunar af gjaldskrá¹. Þessi ríki eru hvort um sig með mismunandi orkugjafa innbyrðis, vind, sól, vatnsafl, kjarnorku, gas og kol. Ekkert bendir til þess að mikið vægi á hlutfall útmötunar mismunni orkugjöfum.

2.1. Umfjöllun um beintengingar við virkjanir þarfnast nánari skýringa

Eftirfarandi texti er frá Landsneti

Áhætta er á enn frekari ósanngirni á skiptingu kostnaðar í flutningskerfinu þar sem stórnotendur, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, geta tengst flutningskerfinu um virkjun og fengið lægra flutningsgjald. Skilyrðin eru að raforkan sé ekki flutt eftir flutningskerfinu og flutningsfyrirtækið tekur ekki þátt í kostnaði við tengingu stórnotandans.

Mynd 1. Rökstuðningur Landsnets

ON skilur ekki hvað Landsnet er að fara í ofangreindum texta. Raforkulög 65/2003 eru svohljóðandi:

■ **11. gr. Flutningsvirki utan flutningskerfis.**

□ ...¹⁾

□ [Í sérstökum tilvikum má sækja um leyfi [Orkustofnunar] ²⁾ til að reisa sjálfstætt flutningsvirki og flytja raforku beint frá virkjun til notanda, enda tengist hvorki virkjun né notandi flutningskerfinu beint eða um dreifiveitu. Leita skal umsagnar flutningsfyrirtækis og eftir atvikum viðkomandi dreifiveitu varðandi slíkar tengingar áður en leyfi er veitt.] ³⁾

■ **[12. gr. a. Gjaldskrá flutningsfyrirtækisins.**

□ Sé orka afhent beint til stórnotenda, frá virkjun sem nýtur tengingar við flutningskerfið, án þess að orkan fari um flutningskerfið og án þess að flutningskerfið taki þátt í kostnaði við tengingu notandans skal greiðsla úttektargjalds til flutningskerfis nema 60% af úttektargjaldi til stórnotenda. Heimilt er að veita frekari afslátt af úttektargjaldi ef úttekt stórnotandans er alfarið háð því að orkan komi frá virkjuninni. Í öllum tilvikum skal greiða fyrir kerfisþjónustu samkvæmt gildandi gjaldskrá flutningsfyrirtækisins.

Mynd 2. Raforkulög nr. 65/2003 : 11.gr og 12.gr.a. 5 mgr.

Að mati ON eru fullyrðingar Landsnets um aukna ósanngirni rangar. Framangreindum heimildum er einmitt ætlað að stuðla að möguleikum í nýsköpun og þróun fyrir þá notendur, sem síður eða alls ekki þurfa á öryggi flutningskerfisins að halda. Sérstaklega á það við um fyrirtæki sem nýta fleiri afurðir virkunar en bara rafmagn. Þær hugmyndir Landsnets, sem hér koma fram eru beinlínis til þess fallnarað vinna gegn nýsköpun og þróun.

Stórnotandi sem tengist beint virkjun notar flutningskerfið ekki á neinn hátt og fráleitt að notandi eigi að greiða fullt innmötunargjald á orku sem ekki fer inn á flutningskerfið. ON er jafnframt þeirrar

skoðunar að 0-60% útmötunargjald vegna flutnings eigi sér ekki stoð. Réttast væri að beintengdur notandi greiddi fyrir kerfisþjónustu og töp eingöngu. Líkt og fram kemur í 11. gr. raforkulaga er beintenging sérstaklega heimiluð án tengingar við flutningskerfið.

ON þykir ástæða til að benda sérstaklega á að grundvallar munur er á gögnum og afstöðu ráðgjafa Landsnets, AFRY og svo afstöðu Landsnets sjálfs. Landsnet leggur málafl til grundvallar, m.a. til þess að minnka „ósanngjarna skiptingu“ vegna beintengingar við virkjun en hjá AFRY kemur fram:

„When it comes to the treatment of consumers connected directly to power plants, no changes are suggested at this stage“.

3.0 Ný vindorka og hækkandi innmötunargjaldskrá

Fyrir liggur netmáli D3 um kerfisframlag og í honum er tekið á tengiskilmálum nýrra virkjana. ON fær ekki séð að ný vindorka kalli á breytingar á innmötunargjaldskrá sérstaklega. Ósamræmi er hins vegar milli þeirra hlutfalla sem Landsnet nefnir. Í útreikningum kerfisframlags er miðað við 11% innmötun viðskiptavinar á núverandi svæði, en 16,5% innmötun á nýju svæði, en í nógildandi tillögum er miðað við 13% innmötunargjald.

Eftir því sem ON fær best séð, þá er nýtingartími virkjana tekinn inn í útreikninga þegar farið er yfir tengiskilmála. Ef pottur er brotinn hvað varðar sanngirni (t.d. hægt að skila inn gögnum um hærri áætlaða nýtingu í tengiútreikningum samanborið við raun) þá sér ON ekki betur en það mætti skilyrða tengiskilmála við ákveðna nýtingu. Verði nýting vindlunda lægri en áætlanir kveða á um er Landsneti reynd í verri málum hvað sanngirni varðar með 13% innmötunargjaldskrá samanborið við mögulegar kvaðir, því minni framleidd orka ylli lægri tekjustofni.

Að mati ON kallar aukin áhersla á vindorku ekki á vaxandi hlutdeild innmötunar í gjaldskrá.

4.0 Aðrar athugasemdir ON við hugmynd Landsnets að innmötunargjaldskrá

Líkt og getið hefur verið telur ON tillögur of lítið unnar til að hægt sé að meta þær heildstætt. Að lágmarki þarf að setja fram drög að útmötunargjaldskrá samhliða.

Að þessu sögðu má taka fáein atriði til nánari skoðunar.

4.1. Breyting án hagræðingar er „zero-sum“. Hvar eru staðsetningarhvartar?

ON hefur í fyrri umsögnum bent á að staðsetningarhvartar séu heppilegir til að stuðla að hagkvæmu og vel nýttu flutningskerfi. Staðsetningarhvartar geta bæði verið á innmötun og á útmötun.

Séu borin saman ríki í ENTSO-E þá er alls staðar gjaldskrá á útmötun en gjaldskrá á innmötun er fátíð. Í þeim samanburði er Landsnet yfir miðgildinu með 1% gjaldskrá á innmötun í dag. Þau ríki sem eru með hátt hlutfall innmötunar (>5%) í gjaldskrá búa oftast við eftirfarandi skilyrði:

1. Talsverður útflutningur er á orku til annarra landa. Orkuframleiðendur nota innlent flutningskerfi til að flytja orku úr landi, og til að tryggja að þeir greiði réttlátt fyrir nýtingu þess er innmötunargjaldskrá. Svíþjóð hefur verið með verulegar útflutningstekjur (selja um 20% af innlendri framleiðslu til Finnlands, Lettlands og Danmerkur) og hæstu innmötunargjaldskrá.
2. Staðsetningarhvötum er beitt til að stuðla frekar að virkjunum þar sem þeirra er þörf, í grennd við notkun með afsláttum.

Ljóst er að ekki er stefnt að útflutningi á raforku á Íslandi um millilandatengingar þannig að fyrri þátturinn á ekki við hérlandis.

ON telur að engin trygging sé fyrir því að hægt verði að koma á staðsetningarhvötum á seinni stigum, líkt og Landsnet hefur nefnt í svörum við fyrirspurnum á kynningum. Því minnir ON Landsnet á boðuð markmið þess, *Mynd 3*.

Flutningsgjaldskrá Landsnets

er ætlað að vera stöðug og stuðla að hagkvæmu og skilvirku raforkukerfi

Hlutverk	Markmið
- Flutningsgjaldskrár eru ein af lykilatriðum innri raforkumarkaðar. - Innheimta tekjur í samræmi við þau tekjumörk sem flutningsfyrirtækinu eru sett.	- Nýta auðlindir eins vel og mögulegt er, stuðla að ákjósanlegri uppbyggingu flutningskerfisins ásamt því að halda kostnaði niðri. - Styðja við núverandi og framtíðar fyrirkomulag á markaði

Mynd 3. Yfirlýst markmið Flutningsgjaldskrár Landsnets er að „Nýta auðlindir eins vel og mögulegt er, stuðla að ákjósanlegri uppbyggingu flutningskerfisins ásamt því að halda kostnaði niðri“. Ef staðsetningarhvatarnir eru ekki með frá upphafi og farið að huga að öðrum þáttum, eru miklar líkur á að farið verði á mis við þetta.

ON vill vekja athygli á því að nýtt virkjanlegt afl liggur óvíða á lausu og lítt hefur gengið í afgreiðslu á rammaáætlun frá því 2. áfanga hennar lauk. Sama er uppi á teningnum í vindorku, leikreglur liggja ekki fyrir, né er vitað hvort vindauðlindin eigi yfir höfuð heima í rammaáætlun.

Af þessum ástæðum er heppilegast fyrir alla aðila á raforkumarkaði að staðsetningarhvatarnir liggi fyrir sem fyrst. Afsláttur frá flutningsgjaldskrá út frá staðsetningu getur haft áhrif á hagkvæmni nýrra virkjana og riðlað röð heppilegustu virkjanakosta.

Samandregið : Innmötunargjald án staðsetningarhvata er tilfærsla á kostnaði (zero-sum) sem skilar engri hagræðingu og stríðir því gegn markmiðum Landsnets. Ef aftur er farið inn í eldri gjaldskrárumhverfi (2007) þá ætti að stíga það skref með staðsetningarhvötum.

4.2 Innmötunargjaldskrá eins hjá öllum virkjunum og öllum aðilum – Aukin gengisáhætta

Í tillögum Landsnets (AFRY) er gert ráð fyrir því að innmötunargjald verði hið sama hjá öllum framleiðendum.

ON fær ekki séð tilgang með þessu. Miðað við uppgefnar tölur þá er innmötunargjald nánast hið sama í ISK og USD og óþarft að búa til gengisáhættu með því að blanda þessu saman (80%*USD innmötun + 20% ISK innmötun er í upphafi nánast sama tala og innmötunargjaldskrá í annarri hvorri myntinni). Þetta hefur þær afleiðingar að þörf verður á nýjum gjaldskrá til að jafna út gengissveiflur.

ON telur að ef miðað er við innmötunargjald í USD (vegna stórnotenda) og ISK (v. almennra notenda) þá ætti innmötun hvers framleiðanda að fara eftir sölutölum undangengins árs. Sem dæmi, þá er ON

Power fyrirtæki sem selur eingöngu í erlendri mynt og Orka náttúrunnar annað fyrirtæki sem selur eingöngu til almennra notenda í íslenskrí krónu. Virkjanir hvors fyrirtækis ættu að hafa viðkomandi starfrækslugjaldmiðil. Auðvelt er að benda á fyrirtæki sem eingöngu eru með rekstur í íslenskrí krónu s.s. Orkusalan, Orkubú Vestfjarða, Fallorka. Þessum fyrirtækjum er enginn greiði gerður með því að bæta við gjaldmiðlaáhættu í USD.

Samandregið : Innmötunargjald í erlendri mynt er til trafala fyrir marga aðila á raforkumarkaði og eykur aðeins óþarfa áhættu. ON telur nærtækara að hafa innmötun eftir skiptingu sölu viðkomandi söluaðila, ef skipta á innmötun niður á myntir.

4.3 Tenging um dreifiveitur og áhrif á smávirkjanir

Vaxandi áhugi hefur verið á undanförunum árum á smærri virkjunum sem tengjast um dreifikerfi. Sérstakar innmötunargjaldskrár liggja fyrir, bæði tengigjald (frá virkjun til dreifiveitu) og lækunargjaldskrá útmötunar (frá dreifiveitu til virkjunar). Allir virkjunaraðilar hafa gert með sér tengisamning við dreifiveitu sem byggir á ofangreindu. Endurspegli dreifiveitur gjaldskrá Landsnets um innmötun munu tekjur dreifiveitna vaxa verulega og forsendubrestur verður á tengisamningum. Taka þarf þetta sérstaklega til umfjöllunar og mögulega breyta raforkulögum. Umfjöllun um þetta er ábótavant í fyrirliggjandi drögum.

4.4 Flutningstöp hækka

Tafla 6.1 Spá um raforkunotkun, forgangsorka (*rauntölur)

Ár	Úttekt frá dreifikerfinu, forgangsorka með dreifitöpum		Úttekt frá flutningskerfinu		Flutningstöp		Úttekt frá vinnslufyrirtækjum		Samtals	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
2015*	3.033	505	14.356	1.686	358	55	468	75	18.215	2.287
2016*	2.943	486	14.334	1.696	352	56	471	71	18.100	2.275
2017*	2.999	511	14.870	1.751	363	60	476	85	18.708	2.370
2018*	3.114	512	15.260	1.838	386	68	490	71	19.250	2.452
2019*	3.065	505	15.145	1.829	357	62	471	85	19.039	2.444

Mynd 4. Rauntölur úr raforkuspá. (www.os.is). Munur á úttekt og innmötun er nálægt 5%.

Ofangreind tafla lýsir raforkukerfi undangenginna 5 ára. Útmötun er ávallt lægri en innmötun og munar þar flutningstöpum og úttekt vinnslufyrirtækja (4,3 - 4,6% munur á magni). Ef útmötun er lækkuð um tiltekið hlutfall er því ekki hægt að setja sama hlutfall til hækkunar á innmötun, því magnið er ekki hið sama.

ON gerir ráð fyrir því að innmötunargjald bætist við útseldan orkukostnað, þar sem aukinn kostnaður mun leggjast á allar virkjanir. Að öllu óbreyttu má því reikna með hækkandi kostnaði við flutningstöp og dreifitöpum sem einnig hækkar reikning endanotenda.

4.5 Aukinn kostnaður hitaveitna á Suðvesturhorninu í bígerð

Ljóst er að ef miðað er við málafl virkjana, þá munu blandaðar jarðvarmavirkjanir þurfa að greiða flutningsgjald til Landsnets fyrir eigin notkun vegna hitaveitu (að mestu leyti dæling kalds vatns). ON mælir gegn því að notast sé við þessa leið, þar sem þetta mun auka kostnað almennings með hækkuðum gjöldum á hitaveitu. Hitaveita er nauðsynleg hverjum og einum, verðteygni er lítil sem engin. Hætt er við að breyting af þessum toga leiði eingöngu til aukinnar verðbólgu.

ON hafnar þeim rökum að málafl sé forsenda fyrir tengingum virkjana og að málafl hafi haft áhrif á stærðarákvörðun við tengingu við flutningskerfið. Nesjavallavirkjun er ekki hægt að reka án hitaveitu

og í upphafi átti virkjun eingöngu að framleiða heitt vatn, ekki rafmagn. Hellisheiðarvirkjun er nú í 200 MW_{th} og til stendur að stækka hitaveituna upp í 400 MW_{th} að hluta á kostnað raforkuframleiðslu.

Í tengisamningum Nesjavalla og Hellisheiðar er aðeins tilgreint hámarksafl, ekki lágmarksafl. Áætlanir um hitaveitufurframleiðslu hafa ávallt verið Landsneti kunnar og eru opinber gögn. Ef vilji er til að hafa lágmarksafl frá virkjunum þá er Landsneti í lófa lagið að endursemla tengisamninga blandaðra virkjana. Engin þörf er á því að fara í sérstaka innmötunargjaldskrá og leggja álögur á meginþorra landsmanna íhitaveitu til þess að tryggja lágmarksafl frá virkjunum.

Á sama hátt og útmötun dreifiveitna er metin með fjórum hæstu mánaðartoppum árs, þá er lagt til að innmötun verði metin með fjórum hæstu innmötunartoppum árs. Með þessu móti fæst raunmæling á því afli sem virkjun setur inn á flutningskerfi og meðhöndlun toppa í inn- og útmötun er gegnsæ. Að þessu sögðu þá hefur AFRY lagt til breytingar á meðhöndlun afltoppa, þær breytingar virðast vera vel ígrundaðar og gætu sömu breytingar gilt um inn- og útmötun.

Samandregið : ON mælir gegn því að miðað sé við málafl í útreikningi á innmötun. Nærtækara væri að hafa sömu útreikninga á innmötun og eru við útmötun, enda ættu sú aðferðarfræði að stuðla að hámarksnýtingu kerfis.

Flutningstöp verða dýrari og það mun vinna gegn lækkun hjá stórnotendum og dreifiveitum. Ekki er gerð grein fyrir þessu í gögnum Landsnets.

4.6 Innmötunargjald hefur í mesta lagi tímabundin lækkunaráhrif í kjörum sumra stórnotenda

Undangengið ár var ekki gjöfult hjá stórnotendum. Afurðaverð var með lægsta móti og árferðið erfitt. Þá liggur fyrir að í einhverjum tilfellum eru gildandi raforkusamningar við stórnotendur þannig að notandi greiðir alla útmötun en framleiðandi alla innmötun. Í slíkum samningum þá rýrir þessi breyting því afkomu raforkuframleiðanda á meðan núgildandi samningar renna sitt skeið.

Til lengri tíma má gera ráð fyrir því að girt verði fyrir þessa þætti og heildarflutningskostnaði útdeilt annað hvort á framleiðanda, kaupanda eða í einhverjum föstum hlutföllum milli aðila.

Í því samkeppnisumhverfi sem stórnotendur starfa í þá er alþekkt að raforkukostnaður er ávallt heildarraforkukostnaður. Raforkuflutningur er alltaf hluti af heildarkostnaði orkuöflunar.

Samandregið : Innmötunargjald hefur takmörkuð jákvæð áhrif hjá stórnotendum og rýrir afkomu raforkuframleiðenda í fáeinum samningum en áhrif þessa eru aðeins tímabundin.

4.7 Hvers vegna er innmötunargjaldskrá hin sama fyrir virkjanir sem framleiða fyrir stórnotendur og almenna notendur?

Í gjaldskrá Landsnets nr. 40 er útmötunaraflgjald dreifiveitna 7.340.749 ISK/ársMW, en útmötunaraflgjald stórnotenda 30.979 USD/ársMW (eða 3.749.698 ISK/ársMW m.v. gengi 31.5.2021).

Fyrirhugað nýtt innmötunaraflgjald virkjana verði um 6.020 USD (728.661 ISK) og 736.567 ISK á MW og verður innheimt um 80% í USD og 20% í ISK. Þessar tölur eru nánast hinar sömu. ON þykir sérkennilegt að munur milli dreifiveitna og stórnotenda sé ekki hinn sami milli innmötunar og útmötunar.

4.8 Samningar við endanotendur á almennum markaði

Almennt eru gerðir einstaklingsbundnir samningar raforkuviðskipti við fyrirtæki á almennum markaði. Slíkum samningum verður ekki breytt einhliða vegna nýrra innmötunargjalda Landsnets. Æskilegt væri ef Landsnet skýrði út hvernig raforkuframleiðendur eiga að útfæra 2 milljarða hækkun á almenna viðskiptavinum. Raforkusalar eru bundnir samningum og í þeim er almennt ekki tilgreind einhliða heimild raforkusala til hækkunar á útsöluverði vegna kostnaðarhækkana aðfanga. Því hlýtur Landsnet að þurfa að skýra hvernig innmötunargjald skuli innheimt, svo samræmis sé gætt og ekki þurfi að taka upp stærstan hluta gildandi samninga við fyrirtæki á almennum markaði.

Benda má á, að hækkanir geta valdið ruglingi á almennum markaði, ef smásalar ákveða að innheimta innmötunargjald á mismunandi máta. Raforkumarkaður hefur verið í mikilli mótun og huga þarf að því hvernig verð og kostnaður eru sett fram. Verðsamanburður á markaði þarf að vera einfaldur og gegnsær og því væri æskilegt að fyrirhuguð aukin gjaldtaka af virkjunum yrði skýrð nánar og fyrirkomulag innheimtu innmötunargjalds fyrir Landsnet útfært með samræmdum hætti.

5.0 Niðurlag - ON kallar eftir heildarsýn Landsnets

ON hefur á undanförunum árum gefið álit og umsagnir á ýmsum netmálum og þróunarverkefnum. Landsnet hefur notið ráðgjafar Market Reform (ástralskra ráðgjafa) um hönnun rauntímamarkaðar en AFRY (skandinavískra ráðgjafa) um gjaldskrárþróun. Í þessari umsögn er skoðuð innmötunargjaldskrá sértækt og án tenginga við önnur verkefni. Að mati ON er þetta óheppilegt, því verkefnið skarast.

Í verkefni um rauntímamarkað er áhersla lögð á að núverandi virkjanir bjóði rétt verð fyrir framleiðslu sína og verðmyndun í hverjum hnútpunkti endurspegli raunverulega þörf á nýjum virkjunum. Með þessu móti fengjust staðsetningarhvatarnir í orkuverðinu sjálfu. ON hefur kynnt sér rauntímamarkaði og er staðan sú að jarðefnaeldsneyti er ávallt verðsetjandi, ON hefur hvergi séð rauntímamarkað verðlagðan eingöngu út frá vatnsgildi.

ON leggur til að heildarsýn Landsnets verði kynnt framleiðendum og notendum. Með því móti er hægt að rýna betur til gagns tillögur, í stað þess að vera með lista af mögulegum ágöllum og athugasemdum sem fá mismikinn hljómgrunn. Þetta innifelur:

- Í heildarsýn liggur fyrir breyting á útmötunargjaldskrá sem kemur samhliða innmötunargjaldskrá.
- Fyrir liggur meðhöndlun afltoppa á innmötun og útmötun og útteiling aflgjalds.
- ON leggur til að staðsetningarhvötum sé beitt, bæði í innmötunar- og útmötunargjaldskrá.
- Hugmyndir um rauntímamarkað séu lagðar til hliðar í bili. Miðað við stefnu stjórnvalda um eitt og sama orkuverð um allt land þarf samhliða þessu verkefni að setja af stað jöfnunarkerfisem gerir flókna breytingu enn flóknari.



Landsnet hf.
Gylfaflot 9
112 Reykjavík
landsnet@landsnet.is

Ísafjörður 8. júní 2021

Umsögn OV um breytingu a innmötunargjaldi virkjana í flutningsgjaldskrá Landsnets - áfanga 2a

Orkubú Vestfjarða þakkar fyrir tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum vegna fyrirhugaðra breytinga a uppbyggingu gjaldskrár Landsnets.

OV telur eðlilegt að gjaldskráin taki mið af því að raunkostnaður flutningskerfisins byggist að hluta til a kostnaði við innmötun raforku.

Rétt er þó að benda á að aukin innmötun raforku a lykilstöðum í flutningskerfinu getur sparað LN stórar fjárhæðir í fjárfestingu. Þannig háttar til að um 50% orkunnar sem neytt er innan veitusvæðis OV eru flutt inn a veitusvæðið frá virkjunum utan þess. Þá er heildarafl virkjana innan veitusvæðisins innan við 50% af mestu aflþörf ársins. Áhrif þessa á raforkukerfið þekkir enginn betur en Landsnet og því ekki þörf á að tíunda þau hér.

Stefna stjórnvalda um N-1 tengingu afhendingarstaða LN í megin flutningskerfinu fyrir árið 2030 getur þýtt miklar fjárfestingar f flutningskerfinu á Vestfjörðum. Þannig má reikna með að tvöfalda þurfi flutningslínur 160 km leið úr Hrútatungu í Mjólka ef stefnan á að ganga eftir. Önnur leið til N-1 tengingar er uppbygging raforkuframleiðslu innan svæðisins í þeim mæli að reiðuaflið sé í heildina meira en eftirspurnin hverju sinni.

Orkubú Vestfjarða hefur gert athuganir á allmörgum virkjanakostum frá 2 til 20 MW innan Vestfjarða. Þá er OV einnig kunnugt um að fleiri séu að skoða möguleika á virkjunum. Ljóst er að ákveðnir virkjanakostir í grennd við afhendingarstaði Landsnets myndu hafa afgerandi áhrif á rekstraröryggi kerfisins auk þess að draga úr töpum. Virkjunarkostirnir eru hins vegar mjög mismunandi hvað hagkvæmni varðar og má vænta þess að framkvæmdaröðin ráðist af áætlaðri hagkvæmni.

Orkubú Vestfjarða hefur allar sínar tekjur í íslenskum krónum og telur að fyrirtækið eigi ekki að þurfa að sæta gengisáhættu vegna 80% tengingar aflgjalds virkjana við USD. Eindregið er mælt til þess að fundinn verði leið til komast hjá þessari gengisáhættu og því flækjustigi sem fylgir.

Niðurstaða

Orkubú Vestfjarða telur að eðlilegt væri að hvetja til fjárfestingar í virkjunum á Vestfjörðum m.a. með því að veita afslátt af innmötunargjaldi til virkjana a Vestfjörðum. Þannig væri ýtt undir fjárfestingu í virkjunum innan Vestfjarða þar til búið verður að tryggja N-1 tengingu á afhendingarstöðum LN.

F.h. Orkubús Vestfjarða



Elías Jónatansson,

orkubusstjóri

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Reykjavík, 7. júní 2021

Varðar: Athugasemdir Orkusölunnar vegna vinnu Landsnet við þróun á flutningsgjaldskrá

Boðað er að hluti afl- og orkugjalds vegna úttektar verði færður aftur yfir á innmötun við endurskoðun gjaldskráruppbyggingar Landsnets.

Orkusalan rekur eina virkjun sem tengd er Landsneti og okkar hagsmunir snúa að því sem og kaupum á orku frá öðrum framleiðendum. Við að færa gjöld frá dreifiveitum yfir á söluaðila breytist samsetning orkureikninga væntanlega, söluhluti hækkar en flutnings og dreifigjald lækkar.

Slíkar breytingar geta breytt samkeppnishæfni fyrirtækja sem og einstakra rekstrareininga og snertir þetta einnig almenna neytendur, ekki bara stórfyrirtæki.

Því er nauðsynlegt þegar rætt eru um breytingar að reikna dæmi um hvaða áhrif þetta hefur þannig að hægt sé að taka afstöðu til málsins.

Eins á þessi umræða að fara fram á íslensku og efni sem sent er út og rætt á líka vera á íslensku.

Orkusalan hefur ekki forsendur til að taka afstöðu til gagna sem nú eru lögð fram frekar en nefnt er hér að ofan.

Virðingarfyllst,
f.h. Orkusölunnar

Þengill Ásgrímsson, sviðsstjóri

Minnisblað

28.05.2021 PEP/TA

Varðar tillögu að nýrri Gjaldskrá Landsnet fyrir innmötun.

Samkvæmt drögum að nýrri gjaldskrá LN er áformað að verulega aukinn hlutur af tekjum Landsnets komi frá þeim sem framleiða inn á flutningskerfið en telur að útmötun lækki samsvarandi, þannig að heildartekjur LN haldist óbreyttar. Með þessari breytingu er gjaldskránni m.a. ætlað að spegla betur tilkostnað Landsnets.

Breytingin gagnvart framleiðendum er að í stað fasts árlegs „afhendingargjalds“ á hverja virkjun, sem nú er 7.149.652 kr/ári, er tekið upp ársgjald á hvert uppsett afl af virkjun, 736.567 kr/á árs MW eða 5.772 USD á árs MW.

Úttektargjöld lækka svo samsvarandi um 5 % til dreifiveitna en 7 % til stórnotenda.

Almennt er jákvætt við þessa breytingu að hún endurspegli betur tilkostnað Landsnets þannig að framleiðendur, sem heild, greiði beint fyrir kostnað af þeim hluta kerfisins sem snýr að þeim í stað þess að hann sé innheimtur í gegnum úttektargjöld til dreifiveitna eða stórnotenda eins og nú er gert.

Á fyrstu starfsárum Landsnets var áþekkt gjaldskrá í gildi fyrir innmötun. Sá munar var þó sá, að þá var þar einnig um að ræða fast árlegt gjald á hvern innmötunarstað og gjald fyrir innmataða orku. Meginþungi gjaldsins var þá á affliðinn eins og nú er lagt til.

Á þessum tíma var það bundið í lög að sama gjaldskrá gildi fyrir innmötun frá virkjunum hvort sem þær tengdust flutningskerfinu beint eða í gegnum dreifiveitu en vegna virkjana sem tengdust dreifiveitu rann gjaldið til viðkomandi dreifiveitu og var innheimt af þeim.

Með þeirri breytingu sem varð á raforkulögum í mars 2011 (L19/2011) féll þetta ákvæði niður enda voru innmötunargjöld önnur en fast árgjald þá fallin út úr verðskrá Landsnets.

Gengið hefur verið út frá því að ákvæði um að sama gjaldskrá gildi fyrir innmötun virkjana hvort sem þær tengjast Landsneti beint eða í gegnum dreifiveitu komi aftur inn í raforkulög samfara þessari breytingu á gjaldskrá Landsnets og að gjaldið muni eins og áður renna til viðkomandi dreifiveitu, fyrir þær virkjanir sem tengjast Landsneti í gegnum dreifiveitu.

Með setningu nýrrar innmötunar gjaldskrá fyrir Landsnet er þannig í raun einnig verið að setja innmötunargjaldskrá dreifiveitna gagnvart þeim virkjunum sem þeim tengjast.

Í dag tengjast um 40 virkjanir Landsneti um dreifikerfi RARÍK auk þess sem virkjanir tengjast Landsneti um dreifikerfi Orkubús Vestfjarða og Norðurorku. Stærð þessara virkjana er allt frá nokkrum tugum kW upp í 9,9 MW. Það er því mikilvægt að innmötunar gjaldskrá fyrir virkjanir taki mið af aðstæðum dreifiveitna eins og Landsnets.

Hverri virkjun fylgir ávallt nokkur árlegur umsýslukostnaður sem er óháður stærð virkjunar. Gjaldskrá sem er án fasts árlegs gjalds óháð stærð endurspeglar þannig ekki vel árlegan kostnað dreifiveitu vegna virkjunar. **Að mati RARÍK er því óhjákvæmanlegt að í innmötunargjaldskrá sé ekki fast árlegt gjald eins og almennt er í gjaldskrám dreifiveitna.**

Til að fast árlegt gjald leggist ekki með óhóflegum þunga á smærri virkjanir er þó rétt að því sé stillt í hóf og er lagt til að fast árlegt gjald fyrir hefðbundna samfasa virkun verði um 300 p.kr. á ári fyrir utan vsk.


Árlegt gjald, fast gjald ásamt aflgjaldinu, fyrir 199 kW virkjun væri þá 446 þ.kr. á ári eða nánast þ a ð sama og það er í fyrir samfasa virkjanir undir 200 kW, samkvæmt verðskrá RARIK og OV í dag.

Hjá samfasa virkjunum undir 199 kW væri með þessu um að ræða lítilsháttar lækkun a árlegu samanlögðu gjaldi frá því sem nú er og sama á við um virkjanir frá 200 til 300 kW.

Fyrir virkjanir 300 kW og stærri væri almennt um að ræða einhverja hækkun á samanlögðu gjaldi og mest væri hún um 46% . Það er þó allt önnur og lægri hækkun en sú sem verður hjá virkjunum sem tengjast Landsneti beint, hvort sem horft er á hækkun í prósentum eða í aurum á framleidda kWh.

Annað atriði sem rétt er að vekja athygli á og gera athugasemd við er að ákveðið hlutfalla greiðslu fyrir uppsett afl sé í USD.

Fyrir dreifiveitur sem almennt eru með gjaldskrárr og uppgjör í krónum er þetta ekki ásættanlegt. Í verðskránni þarf því að áréttast að það sé jafngilt hvort að upphæðin sé í USD eða krónum og að í innmötunar gjaldskrár dreifiveitna sé miðað við gjaldið í gjaldskrá Landsnets eins og það verður gefið upp í krónum.



 Tryggvi Asgrímsson, Tæknistjóri RARIK



Landsnet
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Reykjavík, 7. júní 2021
JP/Íls

Efni: Umsögn Veitna við drög að gjaldskrá Landsnets (B1)

Vísað er til kynningar Landsnets á nýrri gjaldskrá sinni (B1) sem birtar voru á heimasíðu fyrirtækisins. Viðskiptavinum var þar með boðið upp á að gera athugasemdir við breytingu á gjaldi virkjana. Veitur þakka fyrir að fá tækifæri til að rýna tillögur að breytingu á gjaldskrá Landsnet m.t.t gjalds virkjana og tækifærið til að gera umsögn við þær.

Hingað til hafa dreifiveitur og stórnotendur borgað afgang á ársMW en framleiðslu-fyrirtæki hins vegar ekki. Sú aðferðafræði byggist á því að fjárfest sé í flutningskerfi raforku vegna útmötunar eingöngu þegar hlutverk þess er sannarlega að tengja saman álag og framleiðslu. Í því ljósi telja Veitur að gjaldskrárbreytingin sem lýtur að innmötunargjaldi á móti lækkun útmötunargjalds, sé eðlileg. Hins vegar er erfitt að átta sig nákvæmlega á hvort einstaka þættir gjaldskrár séu réttir þar sem Veitur skortir forsendur til að taka afstöðu til þess.

Ljóst er að sú breyting sem lagt er upp með í gjaldskrárdrögunum mun lækka flutningsgjald sem almennir notendur greiða. Hins vegar verður það svo að seld orka mun hækka. Fylgjast þarf með þróun verðs á raforkumarkaði til almennra notenda og grípa inn ef orkugjald til almennings hækkar umfram það sem eðlilegt þykir.

Í 4. gr. draganna er fjallað um afgang vegna raforkusölu til dreifiveitna annars vegar og stórnotenda hins vegar. Er þar byggt á því að innmötunargjald sé reiknað út frá samantögu ástimpluðu afli véla í hverri virkjun. Við þetta gera Veitur athugasemd einkum á grundvelli þriggja þátta. Í fyrsta lagi er það svo að vélar framleiða ekki samantlagt ástimplað afl sitt inn á flutningsnetið sem greiðslunni er ætlað að standa undir. Í öðru lagi er það svo að hluti af afli virkjana er framleitt til eigin notkunar virkjunar. Í þriðja lagi er afl nýtt til að keyra áfram dælur til heitavatnsframleiðslu í blönduðum jarðvarmavirkjunum.

Gjaldskránni er ætlað að taka til kostnaðar við rekstur flutningskerfis Landsnets og eðli málsins samkvæmt ættu það að vera notendur raforkukerfisins sem standa straum af kostnaði við rekstur þess. Hins vegar er það svo að framangreind tillaga að breytingu á 4. gr. þar sem miðað er við samantlagt málafl virkjunar, mun hafa áhrif á gjaldskrá hitaveitu í þeim tilvikum sem orkan kemur úr blandaðri jarðvarmavirkjun. Ætla má að það sé ekki tilgangur þeirra breytinga sem lagt er upp með í gjaldskránni.



Veitur kalla eftir því að framangreindri aðferðarfræði verði breytt þannig að gjaldið leggist eingöngu á þá sem eðli málsins samkvæmt ættu að greiða það. Eðlilegast er að miða við það afl sem matað er inn á kerfi Landsnets þar sem flutningskerfi raforku er ekki alfarið háð samanlögðu málafla allra véla í kerfi þess.

Verði eftir því óskað er undirritaður reiðbúinn að gera grein fyrir umsögninni sem og svara spurningum er kunna að vakna vegna hennar.

Virðingarfyllst,

Jóhannes Þorleiksson
Forstöðumaður Rafveitu